



SÓKNARÁÆTLANIR LANDSHLUTA

GREINARGERÐ UM FRAMVINDU SAMNINGA OG
RÁÐSTÖFUN FJÁRMUNA 2017

STÝRIHÓPUR STJÓRNARRÁÐSINS UM BYGGÐAMÁL

SEPTEMBER 2018



Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál: Sóknaráætlanir landshluta.
Greinargerð um framvindu samninga og ráðstöfun fjármuna 2017.

September 2018

Útgefandi: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík
Netfang: postur@srn.is
Veffang: www.srn.is

Ábyrgð: Hólmfríður Sveinsdóttir og Sigríður K. Þorgrímsdóttir

© 2018 Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið

EFNISYFIRLIT

Samantekt.....	1
1. kafli Sóknaráætlanir landshluta.....	3
2. kafli Fjárframlög til samninga.....	6
3. kafli Samráðsvettvangur hvers landshluta	9
4. kafli Áhersluverkefni landshluta	11
5. kafli Uppbyggingarsjóðir landshluta	14
Dæmi um verkefni uppbyggingarsjóða	23
Lokaorð.....	30
Viðauki 1 Landshlutasamtök sveitarfélaga.....	31
Viðauki 2 Áhersluverkefni árið 2017	32
Viðauki 3 Landshlutaskipting sóknaráætlana	37
Viðauki 4 Merki sóknaráætlana landshluta.....	38

MYNDIR

Mynd 1. Fyrirkomulag sóknaráætlunar í hverjum landshluta.....	5
---	---

TÖFLUR

Tafla 1. Heildarfjárhæð til sóknaráætlanasamninga.....	6
Tafla 1A. Samanburður heildarfjárframlaga árin 2017 og 2016	7
Tafla 2. Ráðstöfun fjárframlaga	7
Tafla 2A. Samanburður á ráðstöfun fjárframlaga árin 2017 og 2016	8
Tafla 3. Skipan fulltrúa í samráðsvettvöngum	9
Tafla 4. Áhersluverkefni landshluta.....	11
Tafla 5. Upplýsingar um umsóknir / styrki	15
Tafla 5A. Samanburður upplýsinga um umsóknir / styrki árin 2016 og 2017	16
Tafla 6. Kyn umsækjenda / styrkhafa	16
Tafla 7. Kyngreind áhrif starfa sem ætlað er að skapist á verkefnatíma - Landið allt	17
Tafla 7A. Vesturland	17
tafla 7b. Vestfirðir	17
tafla 7C. Norðurland vestra	18
tafla 7D. Norðurland eystra.....	18
tafla. 7E. Austurland	18
Tafla 7F. Suðurland	19
tafla 7G. Suðurnes	19
Tafla 8. Atvinnugreinaflokkun umsókna	21
Tafla 9. Atvinnugreinaflokkun styrkja.....	22

VIÐAUKAR

Viðauki 1 Landshlutasamtök sveitarfélaga.....	31
Viðauki 2 Áhersluverkefni árið 2017	32
Viðauki 3 Landshlutaskipting sóknaráætlana	37
Viðauki 4 Merki sóknaráætlana landshluta.....	38

Í þessari greinargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál er gerð grein fyrir ráðstöfun fjárframlaga til sóknaráætlunarsamninga og framkvæmd þeirra árið 2017. Auk þess er gerður samanburður milli ára 2016 og 2017, sem og samanburður milli landshluta. Upplýsingar í greinargerðinni byggjast að mestu á árlegum greinargerðum landshlutasamtaka sveitarfélaga til stýrihópsins. Starfsfólki landshlutasamtakanna eru færðar bestu þakkir fyrir upplýsingarnar.

STÝRIHÓPUR STJÓRNARRÁÐSINS UM BYGGÐAMÁL ÁRIÐ 2017

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti

Helga Haraldsdóttir

Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Sigurður Guðmundsson

Forsætisráðuneyti

Benedikt Árnason. Héðinn Unnsteinsson tók hans sæti í september.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti

Karitas Halldóra Gunnarsdóttir

Þórarinn V. Sólmundarson

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti

Hanna Dóra Hólm Másdóttir, formaður. Hólmfríður Sveinsdóttir tók sæti hennar í september.

Stefanía Traustadóttir

Umhverfis- og auðlindaráðuneyti

Björn Helgi Barkarson

Utanríkisráðuneyti

Anna Katrín Vilhjálmsdóttir

Velferðarráðuneyti

Þór Garðar Þórarinsson

Samband íslenskra sveitarfélaga

Karl Björnsson

ÁHEYRNARFULLTRÚAR

Byggðastofnun

Árni Ragnarsson

Landshlutasamtök sveitarfélaga

Björg Björnsdóttir. Páll Brynjarsson tók sæti hennar í febrúar.

VERKEFNISSTJÓRI

Hólmfríður Sveinsdóttir, Byggðastofnun. Sigríður K. Þorgrímsdóttir, Byggðastofnun, tók við í september.

SAMANTEKT

Sóknaráætlanir landshluta eru þróunaráætlanir þar sem hver landshluti sameinast um framtíðarsýn, setur sér markmið og velur leiðir til að áætlunin nái fram að ganga. Markmið sóknaráætlana er að ráðstafa fjármunum, sem varið er til verkefna í einstökum landshlutum á sviði atvinnu-, byggða- og menningarmála, samkvæmt svæðisbundnum áherslum í sóknaráætlun landshlutans til samræmis við gildandi byggðaáætlun hverju sinni.

Samningar um sóknaráætlanir landshluta voru undirritaðir af ráðherra sjávarútvegs og landbúnaðar, ráðherra mennta- og menningarmála og formönnum landshlutasamtaka sveitarfélaga í byrjun árs 2015 og gilda þeir til ársloka 2019. Markmið með sóknaráætlunarsamningum er að stuðla að jákvæðri samfélagsþróun, treysta stoðir menningarlífs og auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Markmiðið er jafnframt að einfalda samskipti ríkis og sveitarfélaga og tryggja gagnsæi við úthlutun og umsýslu þeirra opinberu fjármuna sem til þeirra er varið.

Með sóknaráætlunum er fé veitt til tveggja mismunandi þátta, áhersluverkefna og uppbyggingarsjóða. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem stjórnir landshlutasamtaka gera tillögur um og hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar og áherslna samráðsvettvangs landshlutans. Uppbyggingarsjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem hafa það hlutverk að styrkja menningar- og nýsköpunarverkefni, auk annarra verkefna sem falla að sóknaráætlunum landshlutanna. Á þessu þriðja ári samninganna var unnið að samtals 65 áhersluverkefnum og nam framlag til þeirra tæpum 372 milljónum króna. Alls hlutu 594 verkefni styrki úr uppbyggingarsjóðunum, samtals að fjárhæð tæpum 473 milljónum króna.

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál er skipaður fulltrúum frá öllum ráðuneytum og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. Byggðastofnun og landshlutasamtök sveitarfélaga eiga áheyrnarfulltrúa. Á meðal verkefna stýrihópsins er að fá ráðuneytin, Samband íslenskra sveitarfélaga og Byggðastofnun til að starfa betur saman og horfa heildstætt til byggðaþróunar við stefnumótun. Einn þáttur í samstarfinu snýr að því að samþætta opinberar stefnur og vera ríkisstjórn til ráðgjafar í byggðamálum. Á þessu samningstímabili er áfram unnið að því að móta verklag stýrihópsins að því er snertir samskipti við landshlutasamtökin, ríkisstjórn, ráðherra og ráðuneyti til að tryggja flæði upplýsinga.

Þegar þessi orð eru rituð er um eitt og hálf ár eftir af samningstíma sóknaráætlanasamninganna og farið er að huga að framhaldinu. Framtíðarsýnin er sú að sóknaráætlanir landshluta haldi áfram að þróast og eflast og að þær verði grundvöllur samstarfs ríkis og sveitarfélaga á fleiri sviðum en nú er. Sóknaráætlanir eru æskilegur farvegur fyrir byggðatengt fjármagn og huga þarf betur að því að tengja sóknaráætlun hvers landshluta við aðra opinbera stefnumótun, ekki hvað síst við nýsamþykka byggðaáætlun.

1. KAFLI SÓKNARÁETLANIR LANDSHLUTA

Sóknaráætlanir landshluta eru sameiginlegt verkefni ráðuneyta og sveitarfélaga með það að markmiði að færa aukin völd og ábyrgð til landshlutanna á forgangsörðun og ráðstöfun fjármuna frá ríkisvaldinu til verkefna á sviði byggðamála og samfélagsþróunar sem ekki eru falin öðrum með lögum. Tilgangurinn er að tryggja sem besta nýtingu fjármuna og færa ákvarðanatöku nær heimamönnum sem þekkja best til aðstæðna á sínum svæðum.

Forsögu sóknaráætla landshluta má rekja til ársins 2011 þegar byrjað var að þróa hugmyndafræðina innan Stjórnarráðsins. Í ríkisstjórnarsamþykktinni *Ísland 2020* var kveðið á um *Sóknaráætlanir landshluta* og lagt til að unnar yrðu sóknaráætlanir fyrir hvern landshluta í samvinnu ráðuneyta, landshlutasamtaka, stofnana, sveitarfélaga, Sambands íslenskra sveitarfélaga og haghafa á hverju svæði. Í samræmi við tillögu að útfærslu sóknaráætla landshluta, sem samþykkt var af ráðherranefnd um ríkisfjármál 21. febrúar 2012, skipaði þáverandi innanríkisráðherra stýrinet Stjórnarráðsins um sóknaráætlanir landshluta og Bygðastofnun réð sérstakan verkefnisstjóra til að halda utan um verkefnið. Í kjölfarið hófu allir landshlutar vinnu við gerð sóknaráætla og skipaður var samráðsvettvangur í hverjum landshluta sem tók þátt í þeirri vinnu. Verkefni stýrinetsins var meðal annars að vinna með landshlutum og öðrum haghöfum að því að samþætta hin ýmsu verkefni undir einn hatt sóknaráætla. Stýrinetið átti einnig að vinna að gerð framtíðarfyrirkomulags á fjármögnun sóknaráætlanaverkefna og vinna drög að viðmiðunarreglum um skiptingu fjármuna milli landshluta og málaflokka. Í byrjun árs 2013 lágu sóknaráætlanir fyrir, sem og áhersluverkefni hvers landshluta. Í kjölfarið undirrituðu fjármálaráðherra og formenn landshlutasamtaka sveitarfélaga fyrstu sóknaráætlanasamningana 22. mars 2013.

Í apríl 2014 var stýrinetið lagt niður og stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál settur á laggirnar. Í maí 2014 lét atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið gera úttekt á framkvæmd sóknaráætla landshluta.¹ Úttektinni var skilað í ágúst 2014.² Það var mat úttektaraðila að í heild hefði verkefnið tekist vel og að fyrstu tvö árin hefðu verið mikilvægur tími til að prófa ný vinnubrögð og draga af þeim lærdóm. Sóknaráætlanasamningarnir væru almennt mikið framfaraspor og vel til þess fallnir að færa aukin völd og ábyrgð til einstakra landshluta og beina samskiptum ríkis og sveitarfélaga í góðan farveg. Það sem helst hefði tekist vel til var stofnun og starf stýrinetsins og að mikilvægum áföngum í faglegru áætlanagerð hefði verið náð. Meðal þess sem úttektaraðili taldi að betur mætti fara var að samþætta þyrfti betur opinbera áætlanagerð annars vegar og auka hins vegar festu í mati og eftirfylgni stýrinetsins á sóknaráetlunum og útfærslu þeirra.

1 Úttektin tók til tímabilsins frá mars 2012 þegar formlegt stýrinet var stofnað til apríl 2014 þegar stýrihópur Stjórnarráðsins tók til starfa og leysti stýrinetið af hólmi.

2 Mat á framkvæmd sóknaráætla landshluta, ágúst 2014. Unnið fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið, Evris (https://www.stjornarradid.is/media/atvinnuvegaraduneyti-media/media/acrobat/skyrsla_mat-a-framkvaemd-soknaraetlana_evris050914.pdf).

Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál var skipaður í júní 2014 af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra sem þá fór með málefni byggðamála. Markmið stýrihópsins er að efla og styrkja samhæfingu innan Stjórnarráðsins í málefnum sem varða byggðamál og tryggja virkt samráð við sveitarstjórnarstigið í málaflokknum. Stýrihópurinn hefur það að leiðarljósi í öllum viðfangsefnum sínum að efla og styrkja landshlutana og vinna út frá þeirri skilgreiningu að *byggðamál eru öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, s.s. búsetu, atvinnu og nýsköpun. Þau snúa að eflingu samfélaga, félagsauðs, atvinnulífs, menntunar, menningar, velferðarmála, samgangna og fjarskipta.*³ Stýrihópnum ber einnig að vera ríkisstjórn til ráðgjafar í byggðamálum.


Núgildandi samningar byggjast á grunni eldri sóknaráætlanasamninga en þó gætir þar ýmissa mikilvægra nýjunga. Helst ber að nefna fimm ára gildistíma samninganna og stofnun uppbyggingarsjóða í hverjum landshluta utan höfuðborgarsvæðisins. Áður höfðu samningarnir verið gerðir til eins árs í senn og með uppbyggingarsjóðum voru vaxtarsamningar og menningarsamningar sameinaðir undir formerkjum sóknaráætlana.

Við skiptingu fjármuna til sóknaráætlana landshluta er notað reiknilíkan þar sem tekið er tillit til íbúafjölda og íbúapróunar, stærðar atvinnusóknarsvæða, atvinnuleysis, útsvarstekna sveitarfélaga og fjarlægðar frá Reykjavík. Samningurinn við höfuðborgarsvæðið er frábrugðinn samningunum við aðra landshluta þar sem eingöngu er veitt fjármagn til framkvæmdar áhersluverkefna en ekki til uppbyggingarsjóðs.

Með lögum nr. 69/2015, um byggðaaætlun og sóknaráætlanir, var verklag og hugmyndafræði sóknaráætlana fest í sessi. Lögin fela landshlutasamtökum sveitarfélaga það hlutverk að vinna sóknaráætlanir hverju á sínu svæði og bera ábyrgð á framkvæmd þeirra. Þau tengja saman byggðaaætlun fyrir landið allt og sóknaráætlanir hvers landshluta og kveða á um tilvist og hlutverk stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

Samkvæmt samningum um sóknaráætlanir landshluta renna framlög ríkisins annars vegar til áhersluverkefna og hins vegar til uppbyggingarsjóða. Hver landshluti ákveður skiptingu fjárens en þó skal að lágmarki 55% af framlagi ríkisins renna til uppbyggingarsjóða. Þá er heimilt að nýta tiltekna upphæð í umsýslu. Uppbyggingarsjóðir eru samkeppnissjóðir þar sem gerð er krafa um 50% mótframlag og sérstök úthlutunarnefnd, skipuð af landshlutasamtökum hvers svæðis, fer fyrir hverjum sjóði. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsvettvangs og þar er ekki gerð krafa um mótframlag. Áhersluverkefnin skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtakanna og staðfest af stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál. Mynd 1 er ætlað að sýna á einfaldan hátt fyrirkomulag sóknaráætlunar í hverjum landshluta.

³ Þessa skilgreiningu á byggðamálum má meðal annars finna í samþykkt ríkisstjórnarinnar um umboð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál frá 19. maí 2016.



MYND 1. FYRIRKOMULAG SÓKNARÁÆTLUNAR Í HVERJUM LANDSHLUTA.

Aðferðafræði sóknaráætlana hefur frá upphafi byggst á miklu samstarfi þeirra sem að koma. Samráð og samvinna ríkis og sveitarfélaga fer fyrst og fremst fram í gegnum stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál og landshlutasamtök sveitarfélaga. Samvinna ráðuneyta fer fram í gegnum stýrihópinn og samvinna sveitarfélaga og helstu haghafa í landshlutum fer fram í gegnum landshlutasamtök sveitarfélaga.

2. KAFLI FJÁRFRAMLÖG TIL SAMNINGA

Skipting fjármuna til sóknaráætlana milli landshluta fer eftir reiknilfani sem byggist á gagnsæjum viðmiðum sem staðfest voru af ríkisstjórn árið 2015. Líkanið byggist á eftirfarandi þáttum: íbúafjölda og íbúapróun, stærð atvinnusóknar-svæðis, atvinnuleysis yfir tiltekið tímabil, útsvars og fjarlægð frá Reykjavík.

Fjárframlög árið 2017 til sóknaráætlanasamninganna átta námu rúmum 1.151 m.kr. Grunnframlög ríkisins, alls 730,7 m.kr., koma annars vegar frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 502,5 m.kr., og hins vegar frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, 228,2 m.kr. Framlag samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins hækkaði um 100 m.kr. frá árinu 2016. Til viðbótar við grunnframlagið lagði ríkið 165,9 m.kr. til sex landshluta með viðaukasamningum, sem er hækkun um 98,3 m.kr. frá árinu á undan. Skýringin felst í nýjum viðaukasamningum sem samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra gerði við fjóra landshluta haustið 2017. Nýju samningarnir taka alls til 12 verkefna sem komu til að frumkvæði heimamanna.

Heildarfjárframlög sveitarfélaga voru 123,7 m.kr. og eiga þau að mestu rætur að rekja til menningarsamninga sem voru í gildi til ársins 2014. Heimilt er að semja um framlög annarra⁴ til samninganna og var það gert í þremur landshlutum, samtals að upphæð 37 m.kr., þar af 24 m.kr. á Norðurlandi eystra.

Rúmlega 89 m.kr. var óráðstafað í árslok 2016 og flutt yfir á árið 2017. Tekjum og gjöldum sem tengjast sóknaráætlunum skal haldið aðskildum í bókhaldi og endurskoðuðum ársreikningi landshlutasamtaka og skulu vaxtatekjur fjármuna tilheyra samningunum og færðar í ársreikninga þeirra. Vaxtatekjur námu samtals rúmum 4,6 m.kr. Þá er 4 m.kr. varið árlega í úttektir og samráð vegna sóknaráætlana. Tafla 1 sýnir sundurliðun framlaga til sóknaráætlana árið 2017.

TAFLA 1. HEILDARFJÁRHÆÐ TIL SÓKNARÁÆTLANASAMNINGA

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Framlög ríkisins	81.715.806	107.666.571	81.707.766	125.860.056	94.440.302	119.537.010	90.238.383	25.534.106	730.700.000
Viðaukasamningar	40.000.000	63.300.000	14.000.000	21.400.000	23.600.000	3.600.000	0	0	165.900.000
Framlög sveitarfélaga	11.946.750	7.910.000	7.419.000	11.100.000	33.000.000	10.395.000	7.700.000	34.228.498	123.699.248
Önnur framlög	2.000.000	0	0	24.000.000	0	0	0	11.000.000	37.000.000
Flutt frá fyrra ári	16.524.742	5.249.792	3.180.000	45.659.927	0	18.609.475	0	0	89.223.936
Vaxtatekjur	62.849	818.932	1.421.661	1.024.066	65.658	1.256.804	0	0	4.649.970
Samtals:	152.250.147	184.945.295	107.728.427	229.044.049	151.105.960	153.398.289	97.938.383	70.762.604	1.151.173.154

⁴ Um er að ræða mótframlag frá fyrirtækjum og stofnunum.

TAFLA 1A. SAMANBURÐUR HEILDARFJÁRFRAMLAGA ÁRIN 2017 OG 2016

	2017	2016	Mismunur
Framlög ríkisins	730.700.000	630.700.000	100.000.000
Viðaukasamningar	165.900.000	67.600.000	98.300.000
Framlög sveitarfélaga	123.699.248	87.399.601	36.299.647
Önnur framlög	37.000.000	48.791.886	-11.791.886
Flutt frá fyrra ári	89.223.936	72.340.219	16.883.717
Vaxtatekjur	4.649.970	3.847.639	802.331
Samtals	1.151.173.154	910.679.345	240.493.809

Tafla 1A sýnir að heildarráðstöfunartekjur samninganna átta hækkuðu samtals um 240,5 m.kr., fóru úr 911 í 1.151 m.kr. Munar þar mestu um grunnframlög ríkisins sem hækkuðu um 100 m.kr. og að gerðir voru þrír nýir viðaukasamningar, við Vesturland, Vestfirði og Norðurland vestra. Framlag á Austurlandi til viðaukasamninga lækkaði hins vegar um 34 m.kr. milli ára. Skýringin er viðbótarframlag til menningarmiðstöðva og Breiðdalsseturs árið 2016 en um slíkt framlag var ekki að ræða árið 2017. Framlög sveitarfélaga hækkuðu einnig talsvert, eða samtals um 36,3 m.kr., en þá aukningu má nánast alla rekja til höfuðborgarsvæðisins, en framlög sveitarfélaga þar námu 34,2 m.kr. en voru rúmar 800 þús.kr. árið áður. Svonefnd önnur framlög lækkuðu um samtals tæpar 12 m.kr., en árið 2017 lögðu þrír landshlutar til önnur framlög en sex landshlutar árið 2016 sem þá var fjölgun frá fyrra ári. Árið 2017 kom hæsta framlagið í þennan flokk frá Norðurlandi eystra, eða 24 m.kr. sem er svipað og 2016. Mesta hækkingin er frá höfuðborgarsvæðinu, 11 m.kr., en var 5 m.kr. árið 2016.

Hverjum landshluta er í sjálfsvald sett hvernig framlögum til sóknaráætlana er varið. Ríkið setur þó það skilyrði að minnst 55% grunnframlags á ári hverju renni til uppbyggingarsjóða og hámark er sett á umsýslukostnað. Þetta á ekki við um höfuðborgarsvæðið þar sem öll fjárhæðin rennur til áhersluverkefna.

TAFLA 2. RÁÐSTÖFUN FJÁRFRAMLAGA

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgarsvæðið	Samtals
Áhersluverkefni	25.520.065	42.126.363	18.126.766	67.900.000	49.195.776	62.100.000	36.017.557	70.762.604	371.749.131
Uppbyggingarsjóður	63.060.000	51.800.000	67.180.000	58.770.000	48.200.000	74.160.000	43.600.000	0	406.770.000
Stofn- og rekstrarstyrkir	7.100.000	18.900.000	0	20.170.000	10.300.000	0	9.700.000	0	66.170.000
Viðaukasamningar	40.000.000	63.300.000	14.000.000	21.400.000	35.600.000	3.600.000	0	0	177.900.000
Umsýsla	7.000.000	8.000.000	7.000.000	9.000.000	7.000.000	9.000.000	7.000.000	0	54.000.000
Úttektir og greiningar									4.000.000
Óráðstafað 31.12.2017	9.570.082	818.932	1.421.661	51.804.049	810.184	4.538.289	1.620.826	0	70.584.023
Samtals:	152.250.147	184.945.295	107.728.427	229.044.049	151.105.960	153.398.289	97.938.383	70.762.604	1.151.173.154

Tafla 2 sýnir hvernig fjármunirnir sem voru til ráðstöfunar á árinu skiptust milli landshluta. Af heildarupphæðinni, 1.151 m.kr., runnu tæpar 372 m.kr. til áhersluverkefna og tæpar 407 m.kr. til uppbyggingarsjóða, auk þess sem fimm landshlutar setja sérstök framlög í stofn- og rekstrarverkefni, samtals rúmlega 66 m.kr. í gegnum sína uppbyggingarsjóði. Landshlutum er í sjálfsvald sett hvort þeir skilgreina slík verkefni sérstaklega en þau eiga rætur að rekja til gömlu menningarsamninganna og eru verkefni því öll menningartengd. Samningarnir við Vesturland, Vestfirði, Norðurland vestra, Norðurland eystra, Austurland og Suðurland fela í sér viðauka að upphæð samtals 165,9 m.kr. Til viðbótar við

framlög ríkisins setja sveitarfélög á Austurlandi 12 m.kr. til viðaukasamninga um menningarmiðstöðvar. Samtals eru því framlög til viðauka í landshlutunum sex 177,9 m.kr. Samkvæmt samningunum er hámark sett á umsýslu, á bilinu 7–9 m.kr. eftir heildarupphæð hvers samnings. Allir landshlutarnir nýttu þá upphæð að fullu en alls var 54 m.kr. varið í umsýslu árið 2017. Ekki er heimild fyrir umsýslukostnaði í framlagi til höfuðborgarsvæðisins.

TAFLA 2A. SAMANBURÐUR Á RÁÐSTÖFUN FJÁRFRAMLAGA ÁRIN 2017 OG 2016

	2017	2016	Mismunur
Áhersluverkefni	371.749.131	292.612.282	79.136.849
Uppbyggingarsjóður	406.770.000	374.377.000	32.393.000
Stofn- og rekstrarstyrkir	66.170.000	55.450.000	10.720.000
Viðaukasamningar	177.900.000	83.600.000	94.300.000
Umsýsla	54.000.000	52.304.754	1.695.246
Úttektir og greiningar	4.000.000	4.000.000	0
Óráðstafað í árslok	70.584.023	48.546.503	22.037.520
Samtals	1.151.173.154	910.890.539	240.282.615

Hækkun fjármagns milli ára er að mestu varið til áhersluverkefna en framlög til þeirra hækka samtals um rúmar 79 m.kr. Framlög til uppbyggingarsjóða og stofn- og rekstrarstyrkja hækka um rúmar 43 m.kr. en lækkuðu milli árána 2015-2016 um 27 m.kr. Skýringin á hækkun framlags til viðaukasamninga er sem fyrr segir á þann veg að gerðir voru þrír nýir viðaukasamningar í lok ársins 2017, samtals að upphæð 117,3 m.kr. Óráðstafað fjármagn sem flyst á milli ára hækkar umtalsvert, eða um 22 m.kr. Stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál leggur mikla áherslu á að fjármunir til samninganna séu nýttir innan ársins og þessi niðurstaða er því ekki til samræmis við þá áherslu. Skýringarnar er fyrst og fremst að finna hjá Norðurlandi eystra, en þar var tæpum 52 m.kr. óráðstafað í árslok. Það stafar af því að áhersluverkefni upp á sömu fjárhæð voru ekki samþykkt fyrir en í ársbyrjun 2018.

3. KAFLI SAMRÁÐSVETTANGAR LANDSHLUTA

Í samningum um sóknaráætlanir landshluta og í lögum um byggðáætlun og sóknaráætlanir er kveðið á um að sóknaráætlanir skuli unnar í samvinnu við samráðsvettvang viðkomandi landshluta. Um er að ræða samstarfsvettvang sveitarfélaga, ríkisstofnana, atvinnulífs, menningarlífs, fræðasamfélags og annarra haghafa í hverjum landshluta. Landshlutasamtök sveitarfélaga skipa samráðsvettvang í hverjum landshluta og gæta þar lýðræðis-, búsetu-, aldurs- og kynjasjónarmiða. Þau skilgreina hlutverk og verkefni samráðsvettvangsins og skal hann hafa beina aðkomu að gerð sóknaráætlunarinnar og vera upplýstur um framgang hennar. Í samningunum er kveðið á um að samráðsvettvangur skuli koma saman að minnsta kosti árlega og ræða framgang sóknaráætlunar. Í töflu 3 má sjá upplýsingar um fulltrúa í samráðsvettvangi hvers landshluta.

TAFLA 3. SKIPAN FULLTRÚA Í SAMRÁÐSVETTÖNGUM

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Atvinnulífið	5	7	10	7	11	6	7	7	60
Félagasamtök	2	3	2	0	0	4	2	4	17
Fræðasamfélag	5	6	4	9	7	6	6	4	47
Kjörnir fulltrúar	12	24	10	16	8	16	8	30	124
Menningarlífið	3	0	4	2	11	6	0	3	29
Opinberar stofnanir	3	3	2	6	4	2	3	4	27
Annað (óflokkað)	0	2	0	1	13	0	0	0	16
Samtals:	30	45	32	41	54	40	26	52	320

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
<25 ára	1	0	0	8	0	2	0	1	12
25-39 ára	4	22	10	9	13	15	7	8	88
40-60 ára	22	20	18	20	32	15	13	36	176
>60 ára	3	3	4	4	9	8	6	7	44
Samtals:	30	45	32	41	54	40	26	52	320

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborgar- svæðið	Samtals
Karlar	16	18	17	23	26	20	10	27	157
Konur	14	27	15	18	28	20	16	25	163
% hlutfall kvk	46,7%	60,0%	46,9%	43,9%	51,9%	50,0%	61,5%	48,1%	50,9%
Samtals:	30	45	32	41	54	40	26	52	320

Tafla 3 er þrískipt og sýnir atvinnu, aldur og kyn fulltrúa í hverjum samráðsvettvangi, samtals 320 fulltrúar í öllum átta landshlutunum og hefur þeim fjölgað um 29 frá 2016. Fyrsti hluti töflunnar sýnir flokkun eftir atvinnu. Kjörnir fulltrúar, þ.e. aðal- eða varamenn í sveitarstjórnnum, eru alls 124 (39%), en þeir eru hvergi í meiri hluta nema á höfuðborgarsvæðinu. 60 fulltrúar koma úr atvinnulífinu, 27 fulltrúar koma frá opinberum stofnunum og hefur fækkað nokkuð frá 2016 og 47 fulltrúar koma úr fræðasamfélaginu. Þessar upplýsingar gefa vísbendingar um bakgrunn fulltrúanna en eru ekki tæmandi þar sem vænta má að flestir geti flokkast undir fleiri en eitt svið, ekki hvað síst kjörnir fulltrúar.

Þegar litið er á aldursdreifingu er áhyggjuefni að sjá hve fáir koma úr yngsta aldursflokknum, aðeins 12 fulltrúar eða tæp 4%. Átta þeirra eru á Norðurlandi eystra, tveir á Suðurlandi, einn á Vesturlandi og einn á höfuðborgarsvæðinu. Í hinum landshlutunum er enginn fulltrúi yngri en 25 ára. Ríflega helmingur allra

fulltrúa kemur úr aldurshópnum 40-60 ára. Um 27% fulltrúa eru á aldrinum 25-39 ára og tæp 14% fulltrúa eru eldri en 60 ára.

Konur eru eilítið fleiri en karlar, eða 163 konur og 157 karlar. Allir landshlutar ná 40% viðmiðunarmarki jafnréttislaga,⁵ nema Suðurnes þar sem konur eru 61,5% fulltrúa.

Til viðbótar þeim upplýsingum sem fram koma í töflu 3 gerðu landshlutasamtökin grein fyrir búsetu fulltrúanna, þ.e. frá hvaða sveitarfélagi þeir koma. Öll sveitarfélög eiga fulltrúa í sínum samráðsvettvangi.

⁵ Kynjakvóti var leiddur í lög árið 2008. Í 15. gr. laga nr. 10/2008, um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, segir: „Við skipun í nefndir, ráð og stjórnir á vegum ríkis og sveitarfélaga skal þess gætt að hlutfall kynjanna sé sem jafnast og ekki minna en 40% þegar um fleiri en þrjá fulltrúa er að ræða.“

4. KAFLI ÁHERSLUVERKEFNI LANDSHLUTA

Á árinu 2017 var unnið að samtals 65 áhersluverkefnum á landinu öllu. Áhersluverkefni eru samningsbundin verkefni sem hafa beina skírskotun til sóknaráætlunar landshlutans og áherslna samráðsveitvangs. Verkefni geta staðið yfir í lengri eða skemmri tíma en þeim skal vera lokið fyrir árslok 2019 þegar gildistími sóknaráætlanasamninganna rennur út. Áhersluverkefni skulu samþykkt af stjórn landshlutasamtaka sveitarfélaga og staðfest af stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál.

Flest voru áhersluverkefni á Suðurlandi (17) og fæst á höfuðborgarsvæðinu (4). Samtals vorðu landshlutarnir átta tæpum 372 m.kr. til áhersluverkefna, þar af komu 127,8 m.kr. sem mótframlag heimamanna í öllum landshlutum nema Suðurnesjum, til alls 23 verkefna. Hér er ótalið vinnuframlag heimamanna til verkefnanna. Þetta er talsverð breyting frá 2016 þegar mótframlag var 76 m.kr. og náði til 16 verkefna. Lægsta framlag sóknaráætlana til einstakra verkefna var 300 þús.kr. og hæsta framlagið var tæpar 16 m.kr. Meðaltalið er 5,7 m.kr., hið sama og 2016. Í töflu 4 eru upplýsingar um heiti verkefnanna 65 og framlög til þeirra. Í viðauka 2 eru nánari upplýsingar um öll verkefni.

TAFLA 4. ÁHERSLUVERKEFNI LANDSHLUTA

Vesturland - 31.000.000 til 6 verkefna			
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals
Nýsköpun, frumkvöðlar og tækni menntun	5.000.000	8.000.000	13.000.000
Matarauður Vesturlands	5.000.000	0	0
Samstarf safna á Vesturlandi og markaðssetning	5.000.000	0	0
Efling ferðaþjónustu á Vesturlandi	5.000.000	0	0
Ungmennahúsið	3.600.000	0	0
Þjónusta og ráðgjöf í menningarmálum	7.400.000	0	0
Samtals	31.000.000	8.000.000	39.000.000

Vestfirðir - 42.759.792 til 15 verkefna			
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals
Visit Westfjords	5.800.000	5.800.000	11.600.000
InWest	3.800.000	3.800.000	7.600.000
Umhverfissvottaðir Vestfirðir	2.200.000	2.200.000	4.400.000
Gegnumsláttur 2019	800.000	0	800.000
Vestfirðir altengdir	1.350.000	0	1.350.000
Þróunarsetur á Vestfjörðum	3.550.000	0	3.550.000
Jarðvarmaklasi á Vestfjörðum	3.800.000	2.200.000	6.000.000
Rannsóknaklasi	300.000	300.000	600.000
Efling háskólastarfs og fjölgun íbúa með framhaldsmenntun	2.500.000	1.500.000	4.000.000
Valdefling ungs fólks á Vestfjörðum	1.000.000	1.000.000	2.000.000
Kynning búsetukosta og atvinnulífs á Vestfjörðum	2.500.000	0	2.500.000
Nýtt meistaranám í sjávarbyggðafraeðum	4.500.000	5.000.000	9.500.000
Verkefnið stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum (eftir gegnumslátt)	1.000.000	1.000.000	2.000.000
Íbúakönnun á Vestfjörðum	1.749.792	0	1.749.792
Menningarfulltrúi	7.910.000	0	7.910.000
Samtals	42.759.792	22.800.000	65.559.792

Norðurland vestra - 18.126.766 til 6 verkefna			
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals
Samgönguáætlun	2.400.000	1.200.000	3.600.000
Stuðningur við styrkþega uppbyggingarsjóðs og atvinnu- og nýsköpunarsjóðs	3.500.000	1.400.000	4.900.000
Heildstæð samantekt á heilbrigðisþjónustu í landshlutanum og samanburður við sambærilegan landshluta	3.500.000	500.000	4.000.000
Könnun á möguleikum á smávirkjunum á Norðurlandi vestra	3.500.000	800.000	4.300.000
Beint frá býli - stuðningur	2.700.000	700.000	3.400.000
Kortlagning hverasvæða	2.526.766	400.000	2.926.766
Samtals	18.126.766	5.000.000	23.126.766

Norðurland eystra - 43.900.000 til 6 verkefna			
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals
Kostir og gallar sameiningar Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna	3.500.000	0	3.500.000
Samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra	9.000.000	24.000.000	33.000.000
Þróun og ráðgjöf í menningarmálum	10.900.000	0	10.900.000
GERT-grunnmenntun eflid í raunvísindum og tækni	9.000.000	0	9.000.000
Smávirkjana kostir á Norðurlandi eystra - frumúttekt	6.500.000	0	6.500.000
Raforkuöryggi á Norðurlandi eystra	5.000.000	0	5.000.000
Samtals	43.900.000	24.000.000	67.900.000

Austurland - 30.395.776 til 5 verkefna			
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals
Menningarstarf á Austurlandi	8.200.000	8.000.000	16.200.000
Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar	3.000.000	8.300.000	11.300.000
Svæðisskipulag fyrir Austurland	15.995.776	2.500.000	18.495.776
Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi	2.200.000	0	2.200.000
Undirbúningur að gerð húsnæðisáætlunar	1.000.000	0	1.000.000
Samtals	30.395.776	18.800.000	49.195.776

Suðurland - 63.100.000 til 17 verkefna			
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals
Skaftárhreppur til framtíðar (Brothættar byggðir)	3.000.000	0	3.000.000
Kortavefur Suðurlands	4.000.000	0	4.000.000
Brotthvarf úr framhaldsskólum á Suðurlandi - greining	1.000.000	0	1.000.000
Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu	6.800.000	0	6.800.000
Uppsetning á Fab-Lab verkstæði á Selfossi - gerð rekstraráætlunar til fjögurra ára	3.600.000	0	3.600.000
Hönnun á fræðsluefni fyrir söfn og sýningar á Suðurlandi	9.000.000	0	9.000.000
Íbúakönnun á Suðurlandi	2.000.000	0	2.000.000
Innviðagreining Suðurlands - 1. áfangi	6.000.000	0	6.000.000
Málþing um framtíð iðn-, tækni- og verknáms á Suðurlandi	750.000	0	750.000
Menningarkort Suðurlands - fýsileikakönnun	1.750.000	0	1.750.000
Ráðstefna um sjálfbært Suðurland	1.200.000	0	1.200.000
Sjúkraþýrlur á Suðurland - kynning	500.000	0	500.000
Stofnun Ungmennaráðs Suðurlands	1.200.000	0	1.200.000
Innviðagreining Suðurlands - 2. áfangi	5.500.000	0	5.500.000
Kortlagning umhverfismála á Suðurlandi	1.800.000	0	1.800.000
Umhverfis Suðurland - umhverfisátak	10.000.000	0	10.000.000
Hugmyndasamkeppni um nýtingu orku á Suðurlandi	5.000.000	5.000.000	10.000.000
Samtals	63.100.000	5.000.000	68.100.000

Suðurnes - 36.017.557 til 6 verkefna			
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals
Innviðagreining	10.000.000	0	10.000.000
Minnka brottfall úr námi og bjóða upp á menntun í takt við atvinnulífið á svæðinu.	2.600.000	0	2.600.000
Sameiginleg ímyndar- og markaðsáætlun fyrir Suðurnes	14.000.000	0	14.000.000
Fjarnám í hjúkrunarfræði	4.000.000	0	4.000.000
Framleiðsla á fræðsluefni	3.417.557	0	3.417.557
Skráning og uppfærsla á menningarviðburðum á Suðurnesjum	2.000.000	0	2.000.000
Samtals	36.017.557	0	36.017.557

Höfuðborgarsvæðið - 25.534.000 til 4 verkefna			
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Samtals
Borgarlína	11.000.000	39.186.000	50.186.000
Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins	6.000.000	5.042.000	11.042.000
GERT-verkefnið	2.000.000	0	2.000.000
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins	6.534.000	0	6.534.000
Samtals	25.534.000	44.228.000	69.762.000

5. KAFLI UPPBYGGINGARSJÓÐIR LANDSHLUTA

Með samningum um sóknaráætlanir landshluta voru uppbyggingarsjóðir settir á laggirnar árið 2015 í öllum landshlutum nema á höfuðborgarsvæðinu. Sjóðirnir eru samkeppnissjóðir sem styðja verkefni í samræmi við markmið hverrar sóknaráætlunar.

Landshlutasamtök sveitarfélaga annast umsýslu sjóðanna og bera ábyrgð á þeim. Hver landshluti setur sér verklagsreglur um úthlutanir með hliðsjón af leiðbeinandi viðmiðum frá stýrihópnum, auk þess sem landshlutasamtökin hafa samráð sín á milli við gerð verklagsreglna. Stýrihópurinn staðfestir verklagsreglurnar. Árið 2017 unnu landshlutasamtökin með samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu að þróun rafrænnar umsóknargáttar sem nú hefur verið tekin í notkun.

Landshlutasamtökin skipa úthlutunarnefnd fyrir hvern og einn uppbyggingarsjóð. Fjöldi nefndarmanna er á bilinu þrjú til níu. Hlutverk nefndanna er að velja verkefni sem styrkt verða á grundvelli faglegs mats og skulu verkefni falla að sóknaráætlun landshlutans. Kjörnir fulltrúar sveitarstjórna skulu ekki vera fleiri en sem nemur 40% nefndarmanna. Heimilt er að starfrækja fagråd í einstökum málaflokkum.

Að lágmarki skulu 55% af grunnframlagi frá ríkinu renna í uppbyggingarsjóði á hverju ári og styrkja sjóðirnir að jafnaði ekki meira en 50% af heildarkostnaði hvers verkefnis.

Eftir að úthlutun hefur farið fram eru undirritaðir samningar við hvern styrkþega. Í samningunum er meðal annars kveðið á um að fjárstuðningur sé bundinn þeirri forsendu að verkefnið og framvinda sé í samræmi við umsókn eða endurskoðaða áætlun ef styrkur er lægri en óskað var eftir. Þá er kveðið á um greiðslur og fer það eftir upphæð styrks og samkomulagi við styrkhafa hvernig þeim er háttað. Útgreiðsla styrkja er mismunandi milli landshluta en algengast er að styrkþegi fái greitt tiltekið hlutfall við undirritun samnings og síðan eftir framvindu.

Starfsfólk uppbyggingarsjóða er í samskiptum við styrkþega um framgang verkefna. Ef umsækjandi sér fram á að geta ekki unnið verkefnið eins og það er sett fram í umsókn þarf að sækja um breytingu á því og er þá metið hvort breytingin samræmist reglum sjóðsins og þeim forsendum sem verkefnið var metið á. Minni háttar breytingar eru að jafnaði samþykktar af starfsmanni sjóðsins. Ef um mikla breytingu er að ræða getur styrkvilyrði lækkað eða það fallið niður, líkt og kveðið er á um í samningi milli styrkþega og uppbyggingarsjóðs.

Starfsmenn uppbyggingarsjóða yfirfara áfanga- og lokaskýrslur frá styrkþegum. Með lokaskýrslu skulu styrkþegar skila inn afriti af reikningum fyrir útlögðum kostnaði eða gera grein fyrir útlögðum kostnaði með sannanlegum hætti. Þegar verkefnisstjóri hefur samþykkt skýrsluna og meðfylgjandi gögn fer lokagreiðsla fram.

Kynjajafnræði ríkir í öllum úthlutunarnefndum og fagráðum, fyrir utan fagråd menningarmála á Vesturlandi þar sem sátu þrjár konur en enginn karl. Úthlutanir voru í öllum tilfellum vel auglýstar og buðu landshlutasamtökin umsækjendum upp á aðstoð við umsóknir, meðal annars með viðtalstímum, vinnustofum og fundum. Úthlutað var einu sinni til tvisvar á árinu og í mörgum tilvikum var blásið

til sérstakra úthlutunarhátíða. Í töflu 5 má sjá upplýsingar um umsóknir annars vegar og styrki hins vegar, fjölda og upphæðir.

TAFLA 5. UPPLÝSINGAR UM UMSÓKNIR / STYRKI

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Samtals
Umsóknir								
Fjöldi umsókna	155	157	134	156	114	235	55	1.006
Heildarfjárhæð sem sótt er um	347.075.682	294.458.909	201.163.554	231.415.234	130.306.111	267.036.241	112.710.700	1.584.166.431
Meðalfjárhæð umsókna	2.239.198	1.875.534	1.501.221	1.483.431	1.143.036	1.136.324	2.049.285	1.574.718
Veittir styrkir								
Fjöldi styrkja	113	69	84	77	80	143	28	594
Árangurshlutfall umsókna	73%	44%	63%	49%	70%	61%	51%	59%
Heildarupphæð styrkja	70.160.000	70.700.000	67.180.000	78.940.000	58.500.000	74.160.000	53.300.000	472.940.000
Meðalfjárhæð styrkja	620.885	1.024.638	799.762	1.025.195	731.250	518.601	1.903.571	796.195
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	61	26	44	21	29	70	0	251
Fjöldi styrkja milli 500 þús. til 2,5 m.kr.	49	37	36	53	48	73	23	319
Fjöldi styrkja hærrí en 2,5 m.kr.	3	6	4	3	3	0	5	24
Áætlaður fjöldi ársverka	32	66	28	43	42	239	97	547

Tafla 5 sýnir að samtals bárust 1.006 umsóknir til uppbyggingarsjóðanna sjö og fjöldi styrkja var alls 594, sem er 59% árangurshlutfall. Að meðaltali bárust 144 umsóknir og veittir styrkir voru að meðaltali 85 talsins. Á Suðurlandi bárust flestar umsóknir (235) og þar voru veittir flestir styrkir (143). Á Suðurnesjum voru fæstar umsóknir (55) og fæstir styrkir (28). Meðalfjárhæð umsókna er hæst á Vesturlandi, rúmlega 2,2 m.kr., og lægst á Austur- og Suðurlandi, rúmlega 1,1 m.kr. Vesturland og Austurland skera sig nokkuð úr hvað árangurshlutfall umsókna varðar, um og yfir 70%, en það er lægst á Vestfirðum, eða 44%.

Alls var sótt um styrki að upphæð sem nemur tæplega 1,6 ma.kr. en veittir voru styrkir að upphæð tæplega 473 m.kr. Uppbyggingarsjóðurinn á Norðurlandi eystra var stærstur með tæplega 79 m.kr. en sjóðurinn á Suðurnesjum minnstur með 43,6 m.kr. Sjóðirnir styrkja að hámarki 50% af heildarkostnaði verkefna og því er móttframlag styrkþega að lágmarki jafn há upphæð.

Í töflu 5 eru styrkirnir greindir niður í þrjá flokka eftir upphæð. Samtals var 251 styrkur lægri en 500 þús.kr., eða rúm 42% allra styrkja. Hlutfallslega flestir lágir styrkir voru veittir á Vesturlandi, eða tæp 54% af styrkjum landshlutans. Á Suðurnesjum voru engir styrkir undir 500 þús.kr. Styrkir á bilinu 500 þús.kr. til 2,5 m.kr. voru samtals 319, eða tæplega 54% allra styrkja. Alls voru 24 styrkir hærrí en 2,5 m.kr., eða 4% allra styrkja.

Styrkþegar eru spurðir um fjölda ársverka sem áætlað er að skapist á verkefnatíma. Tekið skal fram að ekki er spurt um áætlaða fjölgun á störfum til framtíðar. Samtals eru 547 störf talin hafa skapast um land allt á verkefnatíma, eða að meðaltali 0,92 ársverk á hverja styrkveitingu.

TAFLA 5A. SAMANBURÐUR UPPLÝSINGA UM UMSÓKNIR / STYRKI ÁRIN 2016 OG 2017

Umsóknir	2017	2016	Mismunur
Fjöldi umsókna	1.006	1.062	-56
Heildarfjárhæð sem sótt var um	1.584.166.431 kr.	1.556.304.355 kr.	27.862.076 kr.
Veittir styrkir			
Fjöldi styrkja	594	630	-36
Árangurshlutfall umsókna	59%	59%	0%
Heildarupphæð styrkja	472.940.000 kr.	428.927.000 kr.	44.013.000 kr.
Fjöldi styrkja undir 500 þús.	251	324	-73
Fjöldi styrkja milli 500 þús til 2,5 m.kr.	319	295	24
Fjöldi styrkja hærri en 2,5 m.kr.	24	10	14
Áætlaður fjöldi ársverka	547	385	162

Tafla 5A sýnir að umsóknum til uppbyggingarsjóðanna fækkaði um 56 milli árunna 2016 og 2017, en heildarfjárhæð sem sótt var um hækkaði þrátt fyrir það. Fækkunin nær til fimm landshluta af sjö. Umsóknum fjölgaði á Vestfjörðum og Suðurlandi um samtals 40. Í hinum landshlutunum fimm fækkaði umsóknum, mest á Austurlandi, eða um 38, og um 34 á Norðurlandi eystra.

Heildarupphæð styrkja var 44 m.kr. hærri árið 2017 en 2016 og styrkjum fækkaði á milli ára um 36. Lægstu styrkjum hefur fækkað umtalsvert en hærri styrkjum fjölgað og styrkjum yfir 2,5 m.kr. fjölgað úr 10 í 24.

TAFLA 6. KYN UMSÆKJENDA / STYRKHAFA

Umsóknir	Vesturland		Vestfirðir		Norðurland vestra		Norðurland eystra		Austurland		Suðurland		Suðurnes		Samtals	
	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Fjöldi umsókna	65	90	66	91	65	69	74	82	55	59	109	126	26	29	460	546
Fjöldi umsókna (%)	42%	58%	42%	58%	49%	51%	47%	53%	48%	52%	46%	54%	47%	53%	46%	54%
Meðalupphæð umsókna	2.010.318	2.404.500	2.087.270	1.721.968	1.538.611	1.465.998	1.768.899	1.225.814	1.206.445	1.083.924	1.328.487	970.089	1.929.071	2.157.064	1.653.596	1.508.264
Veittir styrkir	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk	kk	kvk
Fjöldi styrkja	48	65	31	38	41	43	38	39	40	40	65	78	14	14	277	317
Fjöldi styrkja (%)	42%	58%	45%	55%	49%	51%	49%	51%	50%	50%	45%	55%	50%	50%	47%	53%
Meðalupphæð styrkja	723.125	545.385	1.293.548	805.263	769.512	828.605	1.142.632	910.769	760.000	702.500	517.923	519.103	1.536.143	1.578.143	849.643	718.877

Í töflu 6 má sjá hvernig annars vegar umsóknir og hins vegar styrkir skiptast eftir kyni forsvarsmanna eða verkefnisstjóra. Kynjahlutfall umsækjenda er á heildina litið nokkuð jafnt. Konur eru í forsvari fyrir 54% umsókna og karlar eru í forsvari fyrir 46% umsókna. Ef litið er á kynjahlutfall styrkþega þá eru konur í forsvari fyrir 53% verkefnanna á móti 47% karla. Árið 2016 voru konur í forsvari fyrir 54% styrktra verkefna. Þegar litið er til umsókna eru allir landshlutar innan 40% viðmiðsins. Kynjahlutfall styrkveitinga er alls staðar innan 40–60% marka sem er jafnara en var árið 2016 þegar konur voru í forsvari fyrir yfir 60% verkefna í þremur landshlutum. Þá sækja karlar um heldur hærri styrki en konur í öllum landshlutum nema á Vesturlandi og Suðurnesjum.

TAFLA 7. KYNGREIND ÁHRIF STARFA SEM ÆTLAÐ ER AÐ SKAPIST Á VERKEFNATÍMA - LANDIÐ ALLT

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	55	72	608	191	80	1.006
Fjöldi umsókna (%)	5,5%	7,2%	60,4%	19,0%	8,0%	100,0%
Meðalfjárhæð umsókna	975.783	1.364.358	1.549.237	1.885.622	1.516.825	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	32	47	355	116	44	594
Fjöldi styrkja (%)	5,4%	7,9%	59,8%	19,5%	7,4%	100,0%
Meðalfjárhæð styrkja	553.125	823.404	810.275	729.310	795.000	

Í töflu 7 má sjá vísbendingar um kyngreind áhrif starfa sem áætlað er að verði til á verkefnatímanum á landinu í heild.

TAFLA 7A. VESTURLAND

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	10	11	95	31	8	155
Fjöldi umsókna (%)	6,5%	7,1%	61,3%	20,0%	5,2%	100,0%
Meðalfjárhæð umsókna	858.911	1.005.000	2.042.522	3.122.920	4.491.125	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	10	9	68	21	5	113
Fjöldi styrkja (%)	8,8%	8,0%	60,2%	18,6%	4,4%	100%
Meðalfjárhæð styrkja	325.000	522.222	750.147	416.667	490.000	

TAFLA 7B. VESTFIRÐIR

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	4	14	84	35	20	157
Fjöldi umsókna (%)	2,5%	8,9%	53,5%	22,3%	12,7%	100,00%
Meðalfjárhæð umsókna	862.500	1.746.286	1.732.513	2.578.986	824.915	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	0	9	38	18	4	69
Fjöldi styrkja (%)	0,0%	13,0%	55,1%	26,1%	5,8%	100,00%
Meðalfjárhæð styrkja	0	1.188.889	965.789	1.172.222	550.000	

TAFLA 7C. NORÐURLAND VESTRA

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	19	16	52	32	15	134
Fjöldi umsókna (%)	14,2%	11,9%	38,8%	23,9%	11,2%	100,0%
Meðalfjárhæð umsókna	911.487	1.345.728	1.670.922	1.550.284	1.721.111	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	12	12	33	17	10	84
Fjöldi styrkja (%)	14,3%	14,3%	39,3%	20,2%	11,9%	100%
Meðalfjárhæð styrkja	620.833	833.333	974.242	502.941	903.000	

TAFLA 7D. NORÐURLAND EYSTRA

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	12	10	78	31	25	156
Fjöldi umsókna (%)	7,69%	6,41%	50,00%	19,87%	16,03%	100,00%
Meðalfjárhæð umsókna	1.440.909	1.629.271	1.636.167	1.185.913	1.305.530	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	4	3	39	18	13	77
Fjöldi styrkja (%)	5,2%	3,9%	50,6%	23,4%	16,9%	
Meðalfjárhæð styrkja	1.275.000	1.383.333	966.410	927.778	1.176.923	

TAFLA. 7E. AUSTURLAND

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	2	11	60	40	1	114
Fjöldi umsókna (%)	1,75%	9,65%	52,63%	35,09%	0,88%	100,00%
Meðalfjárhæð umsókna	500.000	1.004.545	1.278.746	1.041.500	850.000	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	2	9	41	27	1	80
Fjöldi styrkja (%)	2,5%	11,3%	51,3%	33,8%	1,3%	100%
Meðalfjárhæð styrkja	300.000	566.667	836.585	666.667	500.000	

TAFLA 7F. SUÐURLAND

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	7	8	192	17	11	235
Fjöldi umsókna (%)	3,0%	3,4%	81,7%	7,2%	4,7%	100,0%
Meðalfjárhæð umsókna	788.543	1.494.551	1.143.134	1.538.026	873.982	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	4	4	112	12	11	143
Fjöldi styrkja (%)	2,7%	2,7%	78,8%	8,2%	7,5%	100%
Meðalfjárhæð styrkja	325.000	862.500	512.478	558.333	500.000	

TAFLA 7G. SUÐURNES

	Nær eingöngu kk störf	Fleiri kk en kvk störf	Bæði kynin jafnt	Fleiri kvk en kk störf	Nær eingöngu kvk störf	Samtals
Umsóknir						
Fjöldi umsókna	1	2	47	5	0	55
Fjöldi umsókna (%)	1,8%	3,6%	85,5%	9,1%	0,0%	100,0%
Meðalfjárhæð umsókna	500.000	950.000	1.950.000	3.780.000	0	
Veittir styrkir						
Fjöldi styrkja	0	1	24	3	0	28
Fjöldi styrkja (%)	0,0%	3,6%	85,7%	10,7%	0,0%	100,0%
Meðalfjárhæð styrkja	0	600.000	1.600.000	1.600.000		

Í töflum 7A til 7G má sjá vísbendingar um kyngreind áhrif starfa sem áætlað er að verði til á verkefnatímanum í hverjum landshluta. Mjög erfitt er að segja fyrir um hver endanleg áhrif verkefna verða á atvinnusamsetningu einstakra landshluta hvort sem er varðandi fjölda starfa eða samsetningu þeirra enda eru þau ýmist í gangi enn eða þeim er nýlukið. Eftirliti stjórnvalda með kynjajafnrétti lýkur þegar skilyrðum sem sett eru við úthlutunina er fullnægt og eins og hér kemur fram er allt eins og best verður á kosið.

Forsögu þessarar kynjagreiningar má rekja til verkefnisins kynjuð hagstjórn og fjárlagagerð sem fjármálaráðuneytið hóf í samvinnu við öll ráðuneyti árið 2011. Þá fór iðnaðarráðuneyti af stað með verkefni sem greindi úthlutun fjármuna úr stoðkerfi atvinnulífsins út frá kyni í því skyni að koma með tillögum að endurbótum um hvernig bæta mætti upplýsingar og úthlutun til að tryggja jafnt aðgengi karla og kvenna að úrræðum stoðkerfis atvinnulífsins. Niðurstaðan var sú að meðaltal skiptingar styrkja milli kynja reyndist vera 81% karlar og 19% konur og gildir það jafnt um fjölda umsókna og útteildra styrkja/lána.⁶ Ástæður þessa kynjahalla eru eflaust margar og er mikilvægt fyrir stjórnvöld að greina þær og ráða bót á þeim atriðum sem hægt er. Við úrvinnslu gagna úr umsóknar- og úthlutunarferlum á að vera auðvelt að afla kyngreindra upplýsinga. Upplýsingar um kyn verkefnisstjóra og kynjahlutfall í fyrirtæki veita aðeins takmarkaðar upplýsingar um kynbundin áhrif verkefna. Tölfræði um rekstur og afkomu fyrirtækja á Íslandi er yfirleitt ekki kyngreind þrátt fyrir að í jafnréttislögum sé ákvæði um að öll tölfræði skuli vera kyngreind. Afar mikilvægt er að bæta úr skorti á kyngreindri hagrænni tölfræði

⁶ <https://www.atvinnuvegaraduneyti.is/sjavarutvegs-og-landbunadarmal/utgafur/utgefid-efni-sjavarutvegs--og-landbunadarmala/styrkjauthlutanir-arin-2009-2013-sem-aetlad-er-ad-stydja-vid-atvinnulif-og-nyskopun-greindar-efir-kyni>

þannig að hægt verði að vinna eftir þeirri hugmyndafræði að samþætta jafnréttissjónarmið í allri stefnumótun og við ákvarðanatökur á vegum opinberra aðila. Ávinningur af skráningu kyngreindra hagtalna er augljós, ekki síst við stefnumótun stjórnvalda í atvinnumálum.

TAFLA 8. ATVINNUGREINAFLOKKUN UMSÓKNA

Umsóknir	Atvinnugreinaflokkun	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. v.	Norðurl. e.	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Fjöldi
01 Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi				2		2	4		8
02 Skógrækt og skógarhögg						1			1
03 Fiskveiðar og fiskeldi		1	6						7
07 Málmnám og málmvinnsla									0
10 Matvælaframleiðsla		8	8	2	5	2	16		41
11 Framleiðsla á drykkjarvörum					1	2	3		6
13 Framleiðsla á textílörum		2	4			1	1		8
14 Fatagerð				3	1		1		5
16 Framleiðsla á viði, viðarvörum og korki önnur en húsgagnagerð						3			3
17 Framleiðsla á pappír og pappírsvöru					1				1
20 Framleiðsla á efnum og efnavörum				5	2		2		9
22 Framleiðsla á gúmmi- og plastvörum			1						1
24 Framleiðsla málna									0
25 Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum									0
26 Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum			1						1
27 Framleiðsla á rafbúnaði						1			1
28 Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum									0
32 Framleiðsla, ót.a.s.		2	2	2		1	1		8
35 Rafmagns-, gas- og hitaveitur					1				1
38 Sorphirða, meðhöndlun og förgun sorps; endurnýting efnis			1				3		4
41 Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna					3	1	2		6
46 Heildverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum				1					1
47 Smásöluverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum			1	2		1	4		8
50 Flutningur á sjó og vatnaleiðum							1		1
55 Rekstur gististaða			3		1		1		5
56 Veitingasala og -þjónusta		2	8				1		11
58 Útgáfustarfsemi		1	7	1	1	4	1	3	18
59 Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni; hljóðupptak		9	3		9	3	5		29
60 Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgerð		1							1
62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni		1	2	1	2	1	3	2	12
63 Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu		6		2			3		11
71 Starfsemi arkitekta og verkfræðinga; tæknilegar prófanir og greining			2		1	1			4
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf			5	1	2		5	11	24
73 Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsóknir							1	5	6
74 Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi			3		2	1			6
75 Dýralækningar									0
77 Leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga				2					2
79 Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónusta		19	3	23	12	2	20		79
81 Fasteignaumsýsla, hreingeringaþjónusta og skrudgarðyrkja			5						5
82 Skrifstofuþjónusta og önnur þjónusta við atvinnurekstur					1				1
85 Fræðslustarfsemi		4	5	1		10	17	6	43
86 Heilbrigðisþjónusta									0
88 Félagsþjónusta án dvalar á stofnun					1				1
90 Skapandi listir og afþreying		48	39	46	83	55	65	16	352
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi		37	45	37	25	17	74	10	245
93 Íþrótt- og tómstundastarfsemi			1		1			2	4
94 Starfsemi félagasamtaka			1		1		1		3
95 Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota									0
96 Önnur þjónustustarfsemi		14	1	3		5			23
		155	157	134	156	114	235	55	1.006

TAFLA 9. ATVINNUGREINAFLOKKUN STYRKJA

Atvinnugreinaflokkun	Vesturland	Vestfirðir	Norðurl. v.	Norðurl. e.	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Fjöldi
Veittir styrkir								
01 Ræktun nytjajurta og búfjárrækt, veiðar og tengd þjónustustarfsemi			1		2	3		6
02 Skógrækt og skógarhögg					1			1
03 Fiskveiðar og fiskeldi	1	3						4
07 Málmnám og málmvinnsla								0
10 Matvælaframleiðsla	7	2	1	5	2	12		29
11 Framleiðsla á drykkjarvörum					1	3		4
13 Framleiðsla á textílörum	2							2
14 Fatagerð				1		1		2
16 Framleiðsla á viði, viðarvörum og korki önnur en húsgagnagerð					3			3
17 Framleiðsla á pappír og pappírsvöru								
20 Framleiðsla á efnum og efnavörum			4			2		6
22 Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum		1						1
24 Framleiðsla málma								0
25 Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum								0
26 Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum								
27 Framleiðsla á rafbúnaði								
28 Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum								0
32 Framleiðsla, ót.a.s.	2	2	1		1			6
35 Rafmagns-, gas- og hitaveitur				1				1
38 Sorphirða, meðhöndlun og förgun sorps; endurnýting efnis						2		2
41 Bygging húsnæðis; þróun byggingarverkefna				2	1			3
46 Heildverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum								
47 Smásöluverslun, að undanskildum vélknúnum ökutækjum						1		1
50 Flutningur á sjó og vatnaleiðum								
55 Rekstur gististaða								0
56 Veitingasala og -þjónusta	1					1		2
58 Útgáfustarfsemi		1	1		4			6
59 Framleiðsla á kvikmyndum, myndböndum og sjónvarpsefni; hljóðupptal	8			4	3	4		19
60 Útvarps- og sjónvarpsútsending; dagskrárgerð	1							
62 Þjónustustarfsemi á sviði upplýsingatækni	1	1			1			3
63 Starfsemi á sviði upplýsingaþjónustu	4		1					5
71 Starfsemi arkitekta og verkfræðinga; tæknilegar prófanir og greining								
72 Vísindarannsóknir og þróunarstarf		3	1	2		3	7	16
73 Auglýsingastarfsemi og markaðsrannsóknir						1	3	4
74 Önnur sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi		1		2	1			4
75 Dýralækningar								
77 Leigustarfsemi, þó ekki fasteignaleiga								
79 Ferðaskrifstofur, ferðaskipuleggjendur og önnur bókunarþjónsta	11	1	11	5	1	12		41
81 Fasteignaumsýsla, hreingeringaþjónusta og skrudgarðyrkja		1						1
82 Skrifstofuþjónusta og önnur þjónusta við atvinnurekstur				1				1
85 Fræðslustarfsemi	1	3			8	10	2	24
86 Heilbrigðisþjónusta								0
88 Félagsþjónusta án dvalar á stofnun				1				1
90 Skapandi listir og afþreying	43	21	33	35	40	43	9	224
91 Starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi	27	28	28	16	8	45	6	158
93 Íþrótta- og tómstundastarfsemi				1			1	2
94 Starfsemi félagasamtaka		1		1				2
95 Viðgerðir á tölvum og hlutum til einka- og heimilisnota								
96 Önnur þjónustustarfsemi	4		2		3			9
	113	69	84	77	80	143	28	594

Tölur 8 og 9 sýna verkefni flokkuð eftir atvinnugreinum út frá atvinnugreinaflokkun Hagstofu Íslands, ÍSAT 2008.⁷ Líkt og fyrri ár falla langflest verkefni, bæði umsóknir og styrkir, undir skapandi listir og afþreyingu og starfsemi safna og aðra menningarstarfsemi. Af samtals 1.006 umsóknum flokkast 601 sem menningarstarfsemi, eða 59,73% allra umsókna, sem er ívið hærra hlutfall en 2016 en þá var hlutfallið 55,6%. Af þessu 601 verkefni flokkast 352 sem skapandi listir og afþreying og 245 verkefni flokkast undir starfsemi safna og aðra menningarstarfsemi. Styrkirnir sem falla undir þennan atvinnugreinaflokk eru

⁷ Flokkunin byggist á atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE Rev. 2, og gildir í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. Atvinnugreinaflokkun er meðal mikilvægustu flokkunarkerfa í hagskýrslugerð, þar sem samræmt flokkunarkerfi tryggir samanburðarhæfni á hagstærðum atvinnulífsins innan lands og milli þjóða. Öllum lögskráðum félögum og einstaklingum í atvinnurekstri ber að hafa skráða starfsemi samkvæmt ÍSAT2008 í fyrirtækjaskrá.

384, eða 64,6% allra styrkja. Hlutfallið var 63,4% árið 2016. Samtals flokkast 224 af 384 verkefnum sem skapandi listir og afþreying og 158 flokkast sem starfsemi safna og önnur menningarstarfsemi. Árangurshlutfall menningarverkefna er hátt, eða 63,9% en það var 68% árið 2016. Flestar umsóknir voru á Suðurlandi, 23,4%, en fæstar á Suðurnesjum, 5,5%. Suðurland veitti einnig hlutfallslega flesta styrki til menningarmála, 23,6%, en fæstir voru þeir á Suðurnesjum, tæp 4%.

DÆMI UM VERKEFNI UPPBYGGINGARSJÓÐA

Eins og fram hefur komið hlutu alls 594 verkefni styrki úr uppbyggingarsjóðum landshlutanna á árinu 2017. Í árlegum greinargerðum landshlutasamtaka sveitarfélaga voru samtökin beðin um að gera stuttlega grein fyrir þremur til fimm verkefnum sem fengu styrk á árinu. Hér á eftir má sjá upplýsingar um alls 27 verkefni sem eru afar fjölbreytt og áhugaverð.

VESTURLAND

SÖNGLEIKURINN MÓGLÍ

Styrkur: kr. 600.000

Styrkþegi: Tónlistarskóli Borgarfjarðar

Söngleikurinn Móglí var settur upp í tilefni af 50 ára afmæli Tónlistarskóla Borgarfjarðar árið 2017. Fjöldi nemenda tók þátt í uppfærslunni, kennarar skólans bæði léku og skipuðu hljómsveit og leikarar úr leikdeild Skallagríms voru í ýmsum hlutverkum. Leikstjóri var Halldóra Björnsdóttir. Haldnar voru 10 sýningar í mennta- og menningarhúsinu Hjálmakletti í Borgarnesi og er áætlað að um 1.200 gestir hafi séð sýninguna.

SJÓMANNAGARÐURINN Á HELLISSANDI

Styrkur: kr. 600.000

Styrkþegi: Sjóminjasafnið á Hellissandi

Sjóminjasafnið á Hellissandi hefur verið starfrækt um árabil. Fjöldi einstaklinga hefur lagt safninu lið í gegnum árin og unnið óeigingjarnt sjálfbóðaliðastarf. Undanfarið hefur verið unnið að því að efla safnið með því að bæta aðstöðu og aðgengi, auk þess sem settar voru upp tvær nýjar sýningar í safninu. Annars vegar er það sýningin Sjósókn undir jökli og hins vegar sýningin Náttúra. Stuðningur Uppbyggingarsjóðs Vesturlands við verkefnið er til þess fallinn að gera safninu kleift að lengja opnunartíma og auka þjónustu.

VÍNLANDSSETUR

Styrkur: kr. 1.200.000

Styrkþegi: Eiríksstaðanefnd

Að undanfögnu hefur verið unnið að uppbyggingu Vínlandsseturs í Búðardal. Að verkefninu koma Eiríksstaðanefnd, sveitarfélagið Dalabyggð og hjónin Kjartan Ragnarsson og Sigríður Margrét Guðmundsdóttir, eigendur Landnámssetursins í Borgarnesi. Vínlandssetur verður staðsett í Leifsbúð. Á jarðhæð hússins verður

veitingasala. Á efri hæðinni verður sögusýning af landnámi íslenskra/norræna manna á Grænlandi og af fundum þeirra og ferðum til Ameríku. Búið er að hanna sýninguna. Vinna við hönnun á breytingu húsnæðis er á lokametrum og verkefnið því komið á framkvæmdastig.

SÝNDARVERULEIKI FYRIR ALLA

Styrkur: kr. 1.000.000

Styrkþegi: Muninn kvikmyndagerð

Verkefnið felur í sér að byggja einfalt sýndarveruleikakerfi (Hologram) sem verður auðvelt til notkunar. Með þessu kerfi má varpa upp lifandi myndum, en Hologram býr til þrívíða mynd sem varpast upp í loftið af skjá á gólfi. Myndin er því í lausu lofti og þarf hvorki tjald né skjá til að varpast á og líkast því að það sem varpast upp sé raunverulegt. Það er sýn styrkþega að búa til kerfi sem hægt er að nýta í leikhúsum, söfnum og á ýmiss konar mannamótum.

VESTFIRÐIR

GALDRASÝNING Á STRÖNDUM

Styrkur: kr. 3.500.000

Styrkþegi: Strandagaldur ses

Galdrasýningu á Ströndum var komið upp um aldamótin og hefur hún verið í stöðugri uppbyggingu og þróun síðan. Árlega dregur sýningin að sér þúsundir ferðamanna. Í tengslum við sýninguna er rekið lítið en afar vel heppnað veitingahús. Galdrasýning á Ströndum hefur haldið Hólmavík á kortinu um árabil. Sýningin hefur jafnan hlotið stofn- og rekstrarstyrk úr Uppbyggingarsjóði Vestfjarða.

LISTASAFN SAMÚELS

Styrkur: kr. 1.200.000

Styrkþegi: Félag um Listasafn Samúels

Listasafn Samúels miðar að endurgerð verka Samúels Jónssonar í Selárdal. Verkinu miðar vel og er mikið starf unnið í sjálfböðavinnu. Listasafnið hefur vakið talsverða athygli fyrir óvanalega og barnslega einlægni listamannsins, sem hrífur safngesti. Árið 2017 var gerður þriggja ára samningur um stuðning við verkefnið þar sem verkefnið er í eðli sínu langtímaverkefni. Í umsókn skín í gegn einlægur áhugi á verkefninu og stendur öflugur hópur áhugamanna að baki uppbyggingu safnsins.

BLÚS MILLI FJALLS OG FJÖRU

Styrkur: kr. 400.000

Styrkþegi: Sigurjón Páll Hauksson

Blús milli fjalls og fjöru er hátíð á Patreksfirði, haldin í lok sumars, þar sem blústónlistinni eru gerð góð skil. Fjöldi tónlistarmanna og blúsunnenda hefur komið til Patró til að leika og njóta þau skipti sem hátíðin hefur verið haldin. Hátíðin hefur fest sig býsna vel í sessi og er búið að sníða af agnúa og vankanta sem einkenna hátíðir af þessu tagi í upphafi. Hátíðin hefur um hríð hlotið árlegan

styrk úr Uppbyggingarsjóði. Á bak við hátíðina stendur lítill hópur, en í raun má segja að hún sé drifin áfram af einum manni sem hefur mikið dálæti á blústonlist.

FÉLAG UM LÝÐHÁSKÓLA Á FLATEYRI

Styrkur: kr. 3.500.000

Styrkþegi: Runólfur Ágústsson/Óttar Guðjónsson

Félag um lýðháskóla á Flateyri er stórhuga atvinnu- og menntaþróunarverkefni sem miðar að því að koma lýðháskóla á laggirnar á Flateyri. Verkefnið er mjög stórt í sniðum og gæti haft verulega þýðingu fyrir samfélagið í Önundarfirði og sennilega um alla norðanverða Vestfirði. Ráðinn hefur verið framkvæmdastjóri til verkefnisins og vinnan er byrjuð að fullu.

GÚMMÍSÖKKA

Styrkur: kr. 500.000

Styrkþegi: Steinþór Bragason

Gúmmísökka er gott dæmi um vel heppnað einstaklingsverkefni í atvinnu- og vöruþróun. Sökkur eru notaðar við handfæraveiðar til að sökkva önglinum til botns. Þær hafa jafnan verið úr blýi og því skapað hávaðamengun og óþægindi fyrir starfsfólk og hugsanlega fælt frá fiska sem hafa vissulega heyrn og heyra háa hvelli er sakkann slæst utan í bát eða harðan sjávarbotn. Því voru þróaðar gúmmíhúðaðar sökkur úr galvaníseruðu járn, sem gera sama gagn, en eru hljóðlátari, hlífa bátunum og eru þægilegri í notkun. Verkefnið fékk styrk úr Uppbyggingarsjóði og er því lokið og telst hafa heppnast mjög vel. Fyrir dyrum stendur að leita leiða til að lækka framleiðslukostnað sem er enn nokkru hærri en útsöluverð hinna hefðbundnu blýsökka.

NORÐURLAND VESTRA

FYRSTA UMHVERFING. SAMSYNING LISTAMANNA INNAN HÉRAÐS OG UTAN, Á SAUÐÁRKRÓKI

Styrkur: kr. 400.000

Styrkhafi: Listasafn Skagfirðinga

Markmið verkefnisins var að setja upp tvær vandaðar nútímalistasýningar á Sauðárkróki og byggja upp samstarf milli hóps listamanna innan héraðs og utan. Lögð var áhersla á að kynna myndlist fyrir almenningi og verða þannig innblástur fyrir menningarlífið. Sýningarnar voru settar upp í Safnahúsinu og á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Sauðárkróki.

ELDUR Í HÚNAÞINGI 2017

Styrkur kr. 700.000

Styrkhafi: Unglist í Húnaþingi

Fjölskyldu- og héraðshátíðin Eldur í Húnaþingi var haldin 26.-30. júlí 2017. Markmið verkefnisins var að vekja athygli á Húnaþingi vestra og stuðla að jákvæðri umfjöllun og ímynd. Að stuðla að samstöðu íbúa og að allir geti haft áhrif á það sem gerist í samfélaginu og geti lagt því lið. Vakin var athygli á mikilvægi menningar og lista, t.d. með kynningu á þeirri menningu og listum sem þar er að finna, sem og að

virkja ungt fólk í Húnaþingi vestra og skapa því vettvang til listsköpunar af hvers kyns tagi. Það var jafnframt markmið að sem flestir aldursflokkar geti fundið eitthvað við sitt hæfi á hátíðinni og verði stoltir af hátíðinni og samfélaginu.

FJÖLNOTA - MARKAÐSSETNING

Styrkur: kr. 333.000

Styrkhafi: Fjölnota

Fjölnota hannar og framleiðir fjölnota umbúðir. Markmið verkefnisins var að markaðssetja fyrirtækið, styrkja reksturinn og skapa traustan grundvöll til að byggja frekari vöxt á. Verkefninu er skipt niður í þrjá meginþætti, prentun á kynningarefni, uppsetningu á heimasíðu með sölumöguleika og almenna markaðssetningu.

MARKAÐSFÆRSLA NÝRRAR VÖRULÍNU PURE NATURA EHF.

Styrkur: kr. 1.500.000

Styrkhafi: Pure Natura ehf.

Pure Natura sérhæfir sig í framleiðslu fæðubótarefna sem unnin eru úr raunverulegum matvælum í anda „Wholefood supplements“ og „organ supplements“. Fyrirtækið nýtir hliðarafurðir úr lömbum í bland við villtar íslenskar jurtir. Markmið verkefnisins var að koma vörum fyrirtækisins á markað í Bandaríkjunum með því að fara með vörurnar á sýninguna Natural Product Expo sem haldin var í september 2017 í Baltimore.

NORÐURLAND EYSTRÁ

ARCTIC COAST WAY - NORÐURSTRANDALEIÐ

Styrkur: kr. 4.000.000

Styrkþegi: Fjallabyggð

Arctic Coast Way (Norðurstrandavegur) er nýr ferðamannavegur á Norðurlandi. Fyrirmyndirnar eru árangursrík ferðamannaverkefni í dreifðum byggðum annars staðar í Evrópu. Markmiðið er að vegurinn verði nýtt aðdráttarafli í ferðaþjónustu á Norðurlandi auk þess að styrkja innviði og efla byggð á svæðinu. Megináherslan er á sjávarbyggðir og sjávertengda þjónustu með fram strandlengjunni frá Hvammstanga í vestri og að Vopnafirði í austri. Þannig byggist verkefnið á þeim sérkennum sem svæðið býr yfir.

NORÐFISH

Styrkur: kr. 2.500.000

Styrkþegi: GPG fiskverkun ehf.

Markmið NorðFish-verkefnisins er að styrkja rekstrargrunn fiskvinnslu á Raufarhöfn með því að nýta sérstöðu svæðisins, þ.e. nálægð við fiskimið og vistvænar veiðar við heimskautsbaug með skírskotun til náttúru svæðisins. Markmiðið er nánar tiltekið að skapa vöru og markaðshillu með því að framleiða og markaðssetja íslenskan þorsk sem lífræna matvöru í búðum sem sérhæfa sig í sölu lífrænna/hreinna matvæla án aukaefna auk sölu á netinu.

LANDNÁM FRÁ SKOTLANDI

Styrkur: kr. 1.500.000

Styrkþegi: Bryndís Símonardóttir

Sýningin Scottish Diaspora Tapestry segir sögu Skota sem hafa flust til annarra landa í gegnum aldirnar. Veggmyndir á sýningunni eru saumaðar af afkomendum skoskra innflytjenda frá 34 löndum. Sýningin samanstóð af yfir 300 refilsaumuðum veggmyndum og stóð yfir frá 4.–26. febrúar í Tónlistarhúsinu Laugarborg í Eyjafjarðarsveit. Verkefnið felst í að bæta við sýninguna fimm myndum frá Íslandi sem segja sögu systranna Þórunnar hyrnu og Auðar djúpúðgu Ketilsdætra og munu fimm konur í Eyjafirði sauma myndir landnámskvennanna.

AUSTURLAND

LÍFRÆN SNAKKGERÐ – NÝJUNGAR OG TÆKJAKAUP TIL AÐ AUKA SAMKEPPNISHÆFNI

Styrkur: kr. 3.000.000

Styrkþegi: Havarí ehf.

Á Karlsstöðum í Djúpvogshreppi er framleitt nýtt hollustusnakk úr lífrænt ræktuðu grænmeti sem ræktað er á staðnum. Verkefnið er nýsköpunar- og frumkvöðlaverkefni í íslenskri matvælaframleiðslu og landbúnaði. Verkefnið snýst um að taka hráefni sem þekkt eru í frumframleiðslu hér á landi og auka virði þeirra umtalsvert með framleiðslu og markaðssetningu á nýjum fullnum afurðum. Havarí á Karlsstöðum hefur það að markmiði að stórefla lífræna snakkgerð fyrirtækisins svo að hún verði samkeppnishæf.

KROSSDAL GUNSTOCK – VÖRUÞRÓUN Á BYSSUSKEFTUM OG TENGÐUM VÖRUM

Styrkur: kr. 2.400.000

Styrkþegi: PES ehf.

Krossdal Gunstock rekur verkstæði til smíða á byssuskeftum og tengdum vörum. Byssuskeftin sem Krossdal framleiðir eru íslensk hönnun og eru gerð úr finnsku birkilímtré, en stefnan er að framleiða þau úr íslensku límtré sem gerir þau einstök á heimsvísu. Litið er á íslenska markaðinn sem prufumarkað fyrir byssuskeftin, en markaðssetning erlendis er í startholunum.

MESSÍAS EFTIR HÄNDEL – UPPSETNING VERKSINS AF KAMMERKÓR EGILSSTAÐAKIRKJU

Styrkur: kr. 1.000.000

Styrkþegi: Kammerkór Egilsstaðakirkju

Kammerkór Egilsstaðakirkju flutti Messías eftir Händel 7. maí 2017. Kammerkórinn var stækkaður úr 16 í 23 manna kór. Fluttir voru hlutar úr öllum þremur köflum verksins. Hljóðfæraleikarar voru annaðhvort fengnir af staðnum eða höfðu sterka tengingu við Austurland. Kammerkórinn fékk auk þess kirkjukór Egilsstaðakirkju til að taka þátt í stærstu kórköflunum.

KJÖTVINNSLA – FULLVINNA OG MARKAÐSSETJA SAUÐFJÁRAFURÐIR, MATARHANDVERK

Styrkur: kr. 800.000

Styrkþegi: Breiðdalsbiti ehf.

Sauðfjárnendurnir frá Hlíðarenda og Gilsárstekk í Breiðdal hafa tekið höndum saman um að hefja framleiðslu á hágæðakjötafurðum eins og kæfu, rúllupylsu, slátri, magál, sultu o.fl. Allar vörurnar eru þróaðar út frá aldagömlum hefðum en um leið er horft til nútímans. Megináherslan er að bera virðingu fyrir hráefninu. Breiðdalsbiti fullvinnur og markaðssetur sauðfjárafurðir sem heilnæma og vistvæna gæðavöru. Vörurnar verða framleiddar í takmörkuðu magni sem gæðahandverkssérvörur fyrir viðskiptavinum sem eru reiðubúnir að greiða vel fyrir gæðavöru.

DANSSKÓLI AUSTURLANDS

Styrkur: kr. 700.000

Styrkþegi: Alona Perepelytsia

Alona Perepelytsia, dansari og danshöfundur, startaði Dansskóla Austurlands (DSA). Haldin voru dansnámskeið fyrir börn og fullorðna í Seyðisfirði og á Egilsstöðum. Góð þátttaka var á dansnámskeiðum fullorðinna og barna á báðum stöðum. Kennslunni lauk síðan með „dansleik“. Auk þess hélt Alona alþjóðleg dansverkstæði/vinnustofur. Haldin var átta daga vinnustofa með fjórum dönsurum frá Úkraínu. Við lok vinnustofunnar voru þrjár sýningar haldnar í Sláturhúsinu á Egilsstöðum.

SUÐURLAND

SMÁSPUNAVERKSMIÐJAN UPPSPUNI

Styrkur: kr. 2.000.000

Styrkþegi: Sveitakarlinn ehf.

Verkefni sauðfjárnænda, sem hafa flutt inn vélar til að vinna ull, þeirra eigin og annara bænda, til að þvo, kemma og spinna band. Ætlunin er að bjóða fólki upp á að kaupa minna unna ull sem hægt er að handspinna eða þæfa. Nýta á alla ull, bæði hvíta og mislita, en ekki síst að bjóða fólki upp á hreina sauðaliti. Bandið er ekki endilega eins á litinn á milli ára eða framleiðslulota, heldur ræður sá litur sem fer í hverja blöndu útkomunni. Einnig verður hægt að bjóða upp á einstakar útgáfur eins og feldfjárnband og band af forystufé svo að eitthvað sé nefnt. Ullin verður meðhöndluð af virðingu og varfærni og ný tegund véla notuð sem nær að aðskilja þel og tog íslensku ullarinnar. Þannig verður búin til afurð sem er mýkri en völ er á úr íslenskrum ull í dag.

LAUGARVATNSHELLAR - MARKAÐSSTARF

Styrkur: kr. 400.000

Styrkþegi: Sólstaðir ehf.

Sólstaðir hafa staðið fyrir því að skipuleggja endurbyggingu Laugarvatnshella og koma þeim í það horf sem þeir voru þegar búið var í þeim. Verkefnið hefur verið unnið í nánu samstarfi við sveitarfélagið Bláskógarbyggð og minjavörð Suðurlands. Verkefnið á sér margar hliðar, s.s. út frá minjavernd, atvinnusköpun og í samspili menningartengdrar ferðaþjónustu. Árið 1910 fluttu Indriði Guðmundsson og Guðrún Kolbeinsdóttir, þá nýgift, í hellinn. Þessir fyrstu

ábúendur bjuggu í hellinum í eitt ár. Jón Þorvarðarson og Vigdís Helgadóttir fluttu inn 1918 og bjuggu í hellinum til 1921. Bæði hjónin sem bjuggu í hellinum voru með búskap en drýgðu tekjurnar með veitingasölu. Hellirinn hefur nú verið endurgerður í þeirri mynd sem hann var þegar búið var í honum. Þjónustan felst í leiðsögn með hellaferðum í hraunhella í nágrenninu. Um er að ræða uppbyggingu, endurgerð og að gera þá aðgengilega fyrir gesti og kynna þá. Í fyrra var opnað fyrir gestum.

FORNLEIFASKÓLI UNGA FÓLKSINS Í ODDA

Styrkur: kr. 1.500.000

Styrkþegi: Oddafélagið

Verkefnið snýr að uppbyggingu menningarstarfs í Odda. Oddafélagið hefur verið starfrækt í langa tíð en nú hefur félagið einsett sér að frekari rannsóknum, menningarstarfi og uppbyggingu á staðnum. Oddaverjar voru ein völdugasta ætt landsins og er talin hafa staðið á hátindi valda sinna á árunum 1190 til 1220. Einn þeirra, Sæmundur fróði Sigfússon, var á sínum tíma einhver lærðasti maður landsins. Skóli var í Odda frá ofanverðri 11. öld og fram á 13. öld. Kirkja hefur verið í Odda frá upphafi kristni og var hún reist af Svarti Úlfssyni eða Loðmundi, syni hans. Frá þriggja ára aldri ólst Snorri Sturluson upp í Odda og hlaut þar menntun sína. Mikil áhersla er lögð á að kortleggja svæðið ásamt því að grafa upp Nautahelli (Sæmundarhella) sem féll saman 1199 og hefur ekki verið hreyft við síðan. Verkefnið snýr að því að koma á fót námskeiðum fyrir ungt fólk um menningu og sögu staðarins samhliða fornleifarannsóknum á staðnum.

SUÐURNES

FJÖLBÆTT HEILSUEFLING Í REYKJANESBÆ

Styrkur: kr. 2.000.000

Styrkþegi: Velferðarsvið Reykjanesbæjar

Verkefnið lýtur að heilsueflingu eldri aldurshópa í Reykjanesbæ. Markmiðið er að draga úr öldrunareinkennum, ásamt því að efla og bæta lífsgæði þrátt fyrir hækkandi aldur.

FLUTNINGSVAKI

Styrkur: kr. 2.000.000

Styrkþegi: Tæknifræðinám Keilis

Verkefnið snýr að hönnun og þróun á nýjum sjálfvirkum búnaði sem skrásetur hvar, hvenær og hvers konar meðhöndlun varningur í flutningi verður fyrir.

TARAMAR

Styrkur: kr. 4.000.000

Styrkþegi: Taramar ehf.

Verkefnið lýtur að markaðssetningu á snyrtivörum í Bandaríkjunum. Þörf fyrir hreinar snyrtivörur fer stígvaxandi um leið og upplýsingar um óæskileg efni verða aðgengilegri.

LOKAORÐ

Sóknaráætlanir landshluta snúast um að auka samkeppnishæfni hvers landshluta og þar með landsins alls. Verklag sóknaráætlana styður við aukið lýðræði, það kallar á samráð og sameiginlega stefnumörkun sem byggist á þekkingu heimamanna á hverjum stað. Frá upphafi hefur vinnan við sóknaráætlanir verið lærdómsríkt ferli fyrir Stjórnarráðið, sveitarfélögin og samtök þeirra. Stuðningur ríkisstjórnarinnar er ómetanlegur og forsenda þessarar jákvæðu þróunar. Mikilvægt er að halda áfram þeirri valdeflingu sem sóknaráætlanir hafa stuðlað að frá upphafi, þ.e. að ábyrgð á framkvæmd sóknaráætlana sé heima í héraði en stýrihópurinn sé ráðgefandi stuðningsaðili.

Árið 2017 voru heildarframlög til samninganna 1.151 m.kr. Landshlutasamtök sveitarfélaga hafa staðið vel undir þeirri ábyrgð sem fylgir umsýslu fjármuna og framkvæmd sóknaráætlanasamninga. Þau hafa sett sér skýrt og skilvirkt verklag við úthlutanir og umsýslu styrkveitinga og ráðstafa heimamenn fjármunum til verkefna sem þeir telja mikilvæg fyrir landshlutann og styðja við markmið sóknaráætlunar hans. Landshlutasamtökin eru þannig orðin vel í stakk búin til að takast á við aukna ábyrgð og að auknum fjármunum verði varð í sóknaráætlanir.

Fimm ára tímabil sóknaráætlanasamninga er nú langt komið, en því lýkur í árslok 2019. Engin merki eru um annað en vilja samningsaðila til að halda áfram á sömu braut og er komið að því að hefja undirbúning nýrra samninga. Hluti af þeim undirbúningi er að leggja óháð mat á hvernig framkvæmd samninganna hefur gengið á fyrri helmingi samningstímabilsins. Ráðuneyti byggðamála, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, mun leiða þá vinnu í samráði við stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál, landshlutasamtök sveitarfélaga og aðra haghafa. Við vinnuna verða lög nr. 69/2015, um byggðaáætlun og sóknaráætlanir, sem og lög nr. 123/2015, um opinber fjármál, höfð til hliðsjónar.

Eitt þeirra mála sem þarf að huga að er hvernig má betur virkja hvern og einn samráðsvettvang landshlutasamtakanna og þá ekki síður hvernig hægt er að fá ungt fólk til að taka þátt. Þetta hefur verið til umræðu á fundum stýrihóps og landshlutasamtaka og þeirri umræðu er ekki lokið. Þá má nefna að á árinu 2017 var opnuð sameiginleg rafræn umsóknargátt fyrir alla uppbyggingarsjóðina. Með henni er ætlunin að samræma umsóknarferilinn, einfalda umsýslu og auðvelda úrvinnslu upplýsinga í greinargerð um sóknaráætlanir. Vinnu við umsóknar-gáttina er nú að ljúka og fóru allar umsóknir ársins 2017 í gegnum gáttina.

VIÐAUKI 1 LANDSHLUTASAMTÖK SVEITARFÉLAGA

Landshlutasamtök sveitarfélaga eru hagsmunasamtök sveitarfélaga með tilgreind afmörkuð starfssvæði. Starfssvæði þeirra eru jafnframt svæði sóknaráætlana. Öll sveitarfélög á Íslandi eru aðilar að landshlutasamtökunum þó að ekki sé um skylduaðild að ræða. Meginhlutverk allra landshlutasamtaka er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum. Samtökin eru átta talsins og geta samkvæmt sveitarstjórnarlögum ekki verið fleiri. Starfssvæði þeirra eru ólík eins og sést á töflunni hér á eftir. Fjöldi aðildarsveitarfélaga er frá 5 til 15. Fámennasta svæðið hefur innan við 7.000 íbúa en fjölmennasta svæðið hefur tæplega 217.000 íbúa. Starfssvæði þeirra eru mjög ólík að stærð, frá 800 km² í 31.000 km². Karlar eru í meiri hluta í öllum landshlutum.

	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Suðurnes	Höfuðborg- arsvæðið	Samtals
Fjöldi sveitarfélaga	10	9	7	13	8	15	5	7	74
Heildarfjöldi íbúa	15.929	6.870	7.156	29.685	10.310	27.528	23.993	216.878	338.349
Fjöldi kvk	7.758	3.325	3.565	14.604	4.876	13.333	11.440	108.415	167.316
Fjöldi kk	8.171	3.545	3.591	15.081	5.434	14.195	12.553	108.463	171.033
Flatarmál [km ²]	9.529	8.844	13.106	22.686	15.705	30.983	815	1.046	102.714

VIÐAUKI 2 ÁHERSLUVERKEFNI ÁRIÐ 2017

Höfuðborgarsvæðið - 25.534.000 til 4 verkefna						
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Borgarlína	11.000.000	39.186.000	SSH	Skilgreining meginforsendna fyrir nýtt hágæða almenningssamgöngukerfi fyrir höfuðborgarsvæðið. Binding legu Bogarlínu í svæðisskipulagi og aðalskipulagi sveitarfélaganna. Mótun tillagna um fjárhagslegar og verklegar framkvæmdir við lagningu línunnar og ákvörðun um formlegan vettvang um eignarhald og rekstur	Formleg staðfesting á legu línunnar í svæðisskipulagi hb. svæðisins og í aðalskipulagi sveitarfélaganna fyrir árslok 2017. Mótun formlegs samráðs ríkis og sveitarfélaga um verkefnið (júní 2017)	2015-2017
Markaðssetning höfuðborgarsvæðisins	6.000.000	5.042.000	Verkefnastjóri og skrifstofa SSH	Uppbygging á einum vettvangi vegna upplýsinga og samskipta við erlenda aðila sem sækja inn á hb. svæðið til fjárfestinga, atvinnureksturs, búsetu eða náms	Fullmótuð vefsíða og gagnvirkur upplýsingabrunnur um þá þætti sem upplýsa þarf um til að gefa glöggja mynd af höfuðborgarsvæðinu sem staðarvalskosti	2016-2019
GERT-verkefnið	2.000.000		Samráðshópur undir stjórn Samtaka iðnaðarins	Mótun og miðlun verkfærakistu fyrir nemendur og kennara í grunnskólum til að auka áhuga og þekkingu á raunvísindum og tækni	Aukin vitund og áhugi grunnskólanema á raunvísindum og tækni, fjölgun nemenda sem sækir á þessar brautir	2016-2019
Tölfræði höfuðborgarsvæðisins	6.534.000		SSH	Að tryggja að á vettvangi SSH verði á hverjum tíma til staðar aðgengilegar ítarlegar upplýsingar um lykilstærðir um höfuðborgarsvæðið, s.s. lýðfræði, húsnæðis- og skipulagsmál. Í því felst mótun samstarfsaðila sem leggja þessar upplýsingar til og birtingu þeirra á opnu svæði á heimasíðu SSH	Lifandi gagnagrunnur í tengslum við heimasíðu SSH, verkferlar og formlegt samstarf sem tryggir reglubundna uppfærslu á gagnagrunni	2016-2019
Samtals	25.534.000	44.228.000				

Vesturland - 31.000.000 til 6 verkefna						
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Nýsköpun, frumkvöðlar og tæknimenntun	5.000.000	8.000.000	SSV/ Hlédis Sveinsdóttir ráðgjafi	Efla nýsköpun, skapa betra umhverfi fyrir nýsköpun og frumkvöðla, fjölga nemendum í iðn- og tæknigreinum	Betra umhverfi fyrir nýsköpun og frumkvöðla, fjölgun iðnnema	2017
Matarauður Vesturlands	5.000.000	0	Creatrix, ráðgjöf	Efla fullvinnslu hráfnis í héraði, sölu beint frá býli, hráfnisnotkun úr heimahéraði á veitingastöðum og matartengda upplifun	Aukið samstarf framleiðanda, útgáfa kynningarefnis, opnun matarsmiðju	2017
Samstarf safna á Vesturlandi og markaðssetning	5.000.000	0	Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Efla samstarf safna og markaðssetja söfnin. Auk þess að gera menningararf Vesturlands sýnilegri	Formlegt samstarf safna á Vesturlandi, aukin sýnileiki og fleiri gestir	2017
Efling ferðapjónustu á Vesturlandi	5.000.000	0	Vesturlandsstofa (Markaðsstofa Vesturlands)	Að móta stefnu fyrir ferðapjónustu á Vesturlandi til næstu ára og markaðssetja Vesturland fyrir ferðamönnum með skýrari hætti en áður.	Annars vegar stefna Vesturlands í ferðapjónustu og hins vegar aðgerðir sem farið verður í árið 2016 til að efla markaðssetningu á Vesturlandi fyrir ferðamönnum	2015-2016
Ungmennaping	3.600.000	0	SSV/ Ildi ráðgjöf	Að halda ungmennaping á Vesturlandi og stuðla að stofnun Ungmennaráðs Vesturlands	Ungmennaping - Ungmennaráð Vesturlands	2018
Þjónusta og ráðgjöf í menningarmálum	7.400.000	0	Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, menningarfulltrúi	Að styrkja og styðja við menningarlíf á Vesturlandi með ráðgjöf og vinnu fyrir Uppbyggingarsjóð Vesturlands	Starf menningarfulltrúa	2017
Samtals	31.000.000	8.000.000				

Vestfirðir - 42.759.792 til 15 verkefna						
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaufurð	Tímabil
Visit Westfjords	5.800.000	5.800.000	Markaðsstofa Vestfjarða	Efling markaðssetningar gagnvart erlendum	Aukinn fjöldi ferðamanna á	2016-2018
InWest	3.800.000	3.800.000	AtVest	Auknar fjárfestingar á Vestfjörðum	Ný fjárfestingarræði. Starfsemi	2016-2018
Umhverfisvottaðir Vestfirðir	2.200.000	2.200.000	FV	Starfsemi sveitarfélaga á Vestfjörðum verði	Umhverfisvottun EarthCheck.	2016-2018
Gegnumsláttur 2019	800.000	0	FV	Lok og skipulag á framhald verkefnis	Skýrsla um gerð svæðisskipulags	2016
Vestfirðir altengdir	1.350.000	0	FV	Ljósleiðaratengingar í dreifbýli sem þéttbýli	Allt dreifbýli á Vestfjörðum tengt	2016-2018
Þróunarsetur á Vestfjörðum	3.550.000	0	AtVest	Efling þróunarsetra á Hólmavík, Ísafirði og Patreksfirði og samstarf þeirra á milli	Öflugri og fjölmennari þróunarsetur	2016-2018
Jarðvarmaklasi á Vestfjörðum	3.800.000	2.200.000	AtVest	Auka nýtingu á jarðvarma á Vestfjörðum	Fýsileikakannanir á Hólmavík og forhönnun útboðs. Viðskiptagreining á Reykhólum. Viðskiptagreining á Tálknafirði. Könnun á grunnþáttum í öðrum sveitarfélögum	2016-2017
Rannsóknaklasi	300.000	300.000	Háskólasetur	Virkjun rannsóknarumhverfis á Vestfjörðum	Framtíðaráætlun um rannsóknarstarf	2016-2017
Efling háskólastarfs og fjölgun íbúa með framhaldsmenntun	2.500.000	1.500.000	FV og Háskólasetur	Stuðla að fjölgun fólks með háskólamenntun á Vestfjörðum og rannsóknir fyrir fyrirtæki á Vestfjörðum	Fjölgun fólks með háskólamenntun á svæðinu og auka samkeppnishæfi fyrirtækja á svæðinu	2018-2019
Valdefling ungs fólks á Vestfjörðum	1.000.000	1.000.000	FV	Efla þátttöku ungs fólks í umræðu og vinnu að verkefnum í samfélögunum	Fleiri ungmennaráð á svæðið og meiri þátttaka ungs fólks í umræðu og vinnu að verkefnum	2018-2019
Kynning búsetukosta og atvinnulífs á Vestfjörðum	2.500.000	0	FV	Vekja athygli á málefnum Vestfjarða, innviðum og atvinnutækifærum til að efla svæðið sem búsetukost	Borgarafundur þar sem 600 manns mættu. Ráðherrar og fleiri mættu og tóku þátt í pallborðsumræðum	2017
Nýtt meistaranám í sjávarbyggðafræðum	4.500.000	5.000.000	Háskólasetur	Efla framhaldsnám á háskólastigi með nýrri námsleið Sjávarbyggðafræði við Háskólasetur Vestfjarða	Nýtt meistaranám í boði í Háskólastrí Vestfjarða	2017-2019
Verkefnið stefnumörkun sveitarfélaga á Vestfjörðum (eftir gegnumslátt)	1.000.000	1.000.000	FV	Unnið að svæðisskipulagi fyrir Vestfirði	Svæðisskipulag á Vestfjörðum	2018-2019
Íbúakönnun á Vestfjörðum	1.749.792	0		Byggja upp þekkingu á viðhorfum íbúa á Vestfjörðum til samfélags og atvinnulífs og þróun þess	Íbúakönnun framkvæmd og niðurstöður hennar kynntar	2017
Menningarfulltrúi	7.910.000	0	Fjórðungssamband Vestfirðinga	Stuðningur við menningarstarf á Vestfjörðum	Áframhaldandi starf menningarfulltrúa	2016
Samtals	42.759.792	22.800.000				

Norðurland vestra - 18.126.766 til 6 verkefna						
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaufurð	Tímabil
Samgönguáætlun	2.400.000	1.200.000	SSNV	Markmið verkefnisins er að til verði heildstæð mynd af samgöngukerfi landshlutans og öðrum mikilvægum innviðum, auk skýrrar forgangsröðunar heimamanna á þeim verkefnum sem snúa að ríkinu	Forgangsröðuð samantekt um stöðu mála í formi skýrslu / Samgönguáætlun Norðurlands vestra 2018-2025	2017-2018
Stuðningur við styrkþega uppbyggingsráðgjafar og atvinnu- og nýsköpunarsjóðs	3.500.000	1.400.000	SSNV	Markmið þessa verkefnis er að auka líkur á góðum árangri verkefna sem styrkt eru með framlögum frá Uppbyggingsráðgjafi Sóknaráætlunar og Atvinnu- og nýsköpunarsjóði Norðurlands vestra	Stutt samantekt um feril þeirra verkefna sem fá þennan sérstaka stuðning og niðurstöður á taksins m.t.t. fjölgunar starfa eða annarra mælanlegra viðmiða t.d. Veltuaukningar	2017-2018
Heildstæð samantekt á heilbrigðisþjónustu í landshlutunum og samanburður við sambærilegan landshluta	3.500.000	500.000	SSNV	Markmiðið er að sjá á einum stað hvaða þjónusta er veitt í heilbrigðismálum á Norðurlandi vestra, ásamt því að niðurstöðurnar séu bærar saman við sambærilegan landshluta. Auk þess liggja fyrir hvaða þætti heilbrigðisþjónustunnar sé brýnast að lagfæra og innleiða í landshlutunum	Ítarleg skýrsla um niðurstöður úttektarinnar.	2017-2018
Könnun á möguleikum á smávirkjunum á Norðurlandi vestra	3.500.000	800.000	SSNV - samið verður við verkfræðistofu að vinna verkefnið að hluta	Markmið verkefnisins er að fjölga smávirkjunum í landshlutunum, þ.e. virkjunum undir 10MW og þar með skjóta frekari stöðum undir búsetu í dreifbýli í landshlutunum	Skýrsla um þá kosti sem fyrir hendi eru	2017-2018
Beint frá býli - stuðningur	2.700.000	700.000	SSNV	Verkefnið felst í því að auðvelda bændum að afla sér þekkingar á heimavinnslu matvæla, vöruþróun, markaðssetningu og sölu afurða. Þetta verður gert með námskeiðshaldi og annarri aðstoð við ofangreinda þætti	Samantekt um verkefnið í skýrsluformi	2017-2018
Kortlagning hverasvæða	2.526.766	400.000	SSNV - samið verður við verkfræðistofu að vinna verkefnið að hluta	Markmiðið er að auðvelda eigendum hverasvæða og sveitarfélögum að hefja nánari skoðun á nýtingu hverasvæða, t.d. með uppbyggingu hitaveitna, raforkuframlæðslu eða til annarra nota	Skýrsla	2018
Samtals	18.126.766	5.000.000				

Norðurland eystra - 35.400.000 til 6 verkefna						
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Kostir og gallar sameiningar Eyþings og atvinnuþróunarfélaganna	3.500.000	0	RHA-rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri	Að draga fram kosti og galla þess að sameina Eyþing og atvinnuþróunarfélögin tvö á starfssvæði Eyþings. Að tengja atvinnuþróun betur við þá pólitísku stefnumótun sem fer fram á vettvangi Eyþings	Skýrsla um kosti og galla sameiningar með hugmyndum að skipulagi	2017
Samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra	9.000.000	24.000.000	Eimur-félag í samstarfi Landsvirkjunar, Norðurorku, Orkuveitu Húsavíkur og Eyþings	Að stuðla að öflugum og sjálfbærum samfélögum á starfssvæði Eyþings –með áherslu á samskipti auðlinda, umhverfis, orku og ferðaþjónustu landshlutanum til framdráttar í efnahagslegu og umhverfislegu tilliti	Áframhaldandi samstarf um fjölnýtingu orkuauðlinda á Norðurlandi eystra og fyrirmynda verkefni fyrir bæði aðra landshluta og annarskonar verkefni	2016-2019
Þróun og ráðgjöf í menningarmálum	10.900.000	0	Eyþing	Að starfandi verði menningarfulltrúi sem sinni þróun og ráðgjöf í menningarmálum og framfylgi þeirri stefnu sem fram kemur í Sóknaráætlun Norðurlands eystra með það að markmiði að Norðurland eystra verði leiðandi á sviði menningar, lista og skapandi greina	Starf menningarfulltrúa sem vinnur öflugt þróunar- og ráðgjafarstarf á sviði menningar á grundvelli markmiða sóknaráætlunar	2015-2019
GERT-grunnmenntun efling í raunvísindum og tækni	9.000.000	0	Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga í samstarfi við Samtök iðnaðarins	Mæta þörfum vinnumarkaðarins fyrir vel menntað starfsfólk á sviði raunvísinda og tækni	Greinargerð um framkvæmd og árangur verkefnisins.	2017-2019
Smávirðjanakostir á Norðurlandi eystra - frumúttekt	6.500.000	0	Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	Að kanna möguleika á aukinni sjálfbærni í raforkunotkun með smávirðjunum	Heildstæð greinargerð um smávirðjanakosti á Eyþingsvæðinu, stærð þeirra og hagkvæmni	2017-2018
Raforkuöryggi á Norðurlandi eystra	5.000.000	0	Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga	Að greina framboð og eftirspurn eftir raforku á Norðurlandi eystra, ásamt því að skilgreina nauðsynlegar framkvæmdir	Greining á framboði og eftirspurn eftir raforku í landshlutanum og einstökum hlutum hans. Forgangsráðaðar tillögur um framkvæmdir sem tryggja þáð afl, gæði og afhendingar-öryggi sem skilgreint er	2017-2019
Samtals	35.400.000	24.000.000				


Austurland - 30.395.766 til 5 verkefna						
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Menningarstarf á Austurlandi	8.200.000	8.000.000	Austurbrú, sveitarfélög og menningarmiðstöðvar	Markmið verkefnisins er að standa vörð um þann gríðarlega árangur sem náðst hefur í uppbyggingu faglegs menningarstarfs á Austurlandi og halda áfram á sömu braut	Starfandi og virkur menningarfulltrúi á Austurlandi. Skilgreindum verkefnum á sviði menningar á Djúpa Vog og Vopnafirði lokið. Skilgreindum verkefnum menningarmiðstöðvanna lokið	2015-2019
Markaðssetning Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar	3.000.000	8.300.000	Austurbrú	Opna aðra gátt fyrir millilandaflug inn í landið á Egilsstaðaflugvelli. Stefnt verði að fyrstu flugferðum EGS-LON-EGS sumarið 2016	Reglulegt millilandaflug um Egilsstaðaflugvöll	2015-2019
Svæðisskipulag fyrir Austurland	15.995.776	2.500.000	Samband sveitarfélaga á Austurlandi	Að vinna skipulagsáætlun sem tekur til allra sveitarfélaga á Austurlandi sem landfræðilegar, hagrænnar og félagslegrar heildar	Svæðisskipulag fyrir Austurland	2016-2019
Uppbygging þekkingarsamfélags á Austurlandi	2.200.000	0	Austurbrú og Ungt Austurland	Efla ungt fólk á Austurlandi til menntunar	Byggðaráðstefna ungs fólks á Austurlandi og öflugt hagsmunafélag ungs fólks á Austurlandi, tölfræði yfir fjármámsþróif ibúa á Austurlandi	2017
Undirbúningur að gerð húsnaðisáætlunar	1.000.000	0	Austurbrú	Kanna fýsileika þess að sveitarfélög á Austurlandi vinni sameiginlega húsnaðisáætlun fyrir landshlutann	Tímasett aðgerðaáætlun fyrir gerð húsnaðisáætlunar Austurlands	2017
Samtals	30.395.776	18.800.000				

Suðurland - 63.100.000 til 17 verkefna						
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Skaftárhreppur til framtíðar (Brothættar byggðir)	3.000.000	0	Kirkjubæjarstofa	Meginmarkmið verkefnisins er að stöðva viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum og í sveitum landsins. Verkefnið miðar að viðtæku samráði og því að virkja þekkingu og getu íbúa byggðarlaga til að móta framtíðarsýn, markmið og lausnir	Samfélag sem uppfyllir ekki lengur skilgreiningu Byggðastofnunar sem "brothætt byggð"	Til loka árs 2017
Kortavefur Suðurlands	4.000.000	0	Samtök sveitarfélaga á Suðurlandi (SASS)	Kortleggja auðlindir Suðurlands með það að markmiði að auka aðgengi allra að upplýsingum um svæðið á skilvirkan hátt. Þróa leiðir í framsetningu á nýjum og fyrirliggjandi gögnum s.s. aðalskipulagi sveitarfélaga og gögnum frá ýmsum stofnunum	Kortavefur Suðurlands	Langtíma-verkefni. Unnið verður að þessum áfangum fram á vor 2017
Brothvarf úr framhaldsskólum á Suðurlandi - greining	1.000.000	0	SASS	Að greina stöðuna á Suðurlandi nánar, sérstök á undirbúa frekari rannsókn á sjálfu brothvarfinu	Skýrsla um verkefnið og kynningarfundur	Apríl 2017 - vor 2018
Félagsleg þolmörk íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu	6.800.000	0	Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði	Markmiðið er að afla upplýsinga um viðhorf íbúa á Suðurlandi gagnvart ferðaþjónustu og greina þannig þolmörk íbúa gagnvart ferðamönnum og ferðaþjónustu út frá hinum ýmsum þáttum í innviðum samfélagsins. Markmiðið með að afla þeirra upplýsinga er til stöðumats og forsenda til ákvarðanatöku til að bregðast við ef þurfa þykir	Skýrsla sem nýttist til ákvarðanatöku varðandi áherslur tengdar ferðamálum á Suðurlandi	2017, febrúar og 2018
Uppsetning á Fab-Lab verkstæði á Selfossi - gerð rekstraráætlunar til fjögurra ára	3.600.000	0	SASS	Að koma upp Fab-Lab verkstæði á Selfossi og gera áætlanir um rekstur og rekstrarform	Varanleg uppsetning og rekstrarform á Fab-Lab á Selfossi	Apríl 2017 - vor 2018
Hönnun á fræðsluefni fyrir söfn og sýningar á Suðurlandi	9.000.000	0	SASS	Markmið verkefnisins er að koma betur á framfæri efnivið safna og setra á Suðurlandi – sérstaklega gagnvart börnum grunnskólaaldri. Verkefnið felur einnig í sér markmið um að efla samstarf og vörubróun safna og sýninga á Suðurlandi	Samstarf safna og sýninga á Suðurlandi. Efni sem unnið verður fyrir gesti á grunnskólaaldri og kynnt m.a. fyrir grunnskólum	Lokið í maí 2018
Íbúakönnun á Suðurlandi	2.000.000	0	SASS	Markmið verkefnisins er að ná fram stöðumati ýmissa mála er snúa að samfélags- og byggðabróun á Suðurlandi	Íbúakönnun	2017, desember
Innviðagreining Suðurlands - 1. áfangi	6.000.000	0	SASS	Markmið þessa verkefnis er að safna grunnupplýsingum um atvinnulíf á Suðurlandi sem verður hluti af Innviðagreiningu Suðurlands sem SASS er með í vinnslu. Gögnin verða nýtt til frekari vinnslu og til að styðja betur við uppbyggingu á atvinnustarfsemi á Suðurlandi s.s. með upplýsingaöflun, greiningum og upplýsingagjöf o.fl.	Gagnagrunnur um atvinnulíf á Suðurlandi auk minnisblaðs með samantekt niðurstaðna	Árið 2017 og út árið 2018
Málþing um framtíð iðn-, tækni- og verknáms á Suðurlandi	750.000	0	SASS	Markmiðið er að halda áfram samtalínu um framtíð iðn-, verk- og tæknigreina og hvað við getum gert til þess að efla þessar greinar og gera þeim hærra undir höfði. Markmiðið er að málþing yrði kveikjan að nýjum sterkum átaksverkefnum sem hefðu þetta að markmiði	Samantekt á umræðum málþingsins	Vor 2018
Meningarkort Suðurlands - fýsileikakönnun	1.750.000	0	SASS	Markmiðið með verkefninu er að kanna hvort það sé raunhæfur möguleiki að fara af stað með menningarkort (greiðslu- og/eða inneignarkort) á Suðurlandi, annars vegar fyrir íbúa og hins vegar fyrir gesti. Tilgangur slíks menningarkorts er að gera menningarstarfsemi af öllu tagi sýnilegri og auka heimsóknafjölda bæði Íslendinga og erlendra gesta á ýmsa menningarviðburði á ferðum sínum um landið	Skýrsla með niðurstöðum greiningar sem lögð verður til grundvallar ákvörðunar um hvort farið verður í innleiðingu á kortum eða ekki	Lokið haust 2017
Ráðstefna um sjálfbært Suðurland	1.200.000	0	SASS	Að koma á sameiginlegum vetvangi sveitarfélaga á Suðurlandi fyrir úrgangsmál og að efla sjálfbærni. Fræða og vekja enn meiri áhuga sveitastjórnarfólks á umhverfismálum og auka umhverfisvitund á Suðurlandi	Verkefnishópurinn safnar öllum upplýsingum saman, bæði af ráðstefnunum, frá umræðunum og vinnustofunni og úr könnunum til sveitastjórna og vinnur úr því skjal. Því verður komið til allra sveitastjórna á Suðurlandi og gæti nýst sem grunnur að sameiginlegri umhverfisstefnu fyrir landshlutann	Febrúar til júní 2017

Sjúkraþýrlur á Suðurland - kynning	500.000	0	SASS	Að meta þörf og greina möguleika á notkun sjúkraþýrlna á Suðurlandi	Skýrsla og kynning á niðurstöðum hennar	Lokið í júní 2017
Stofnun Ungmennaráðs Suðurlands	1.200.000	0	Skaftárstofa	Markmiðið er að koma Ungmennaráði Suðurlands á laggirnar og hefja sitt fyrsta starfsár	Starfandi Ungmennaráð Suðurlands	2017
Innviðagreining Suðurlands - 2. áfangi	5.500.000	0	SASS	Markmið verkefnisins er að koma upp gagnagrunni um innviði Suðurlands, bæði efnahags- og framleiðsluinnviði sem og félagslegra innviða, auk samsöfnunar á ýmsum hagtolum um landshlutann. Markmiðið er að haghafar verkefnisins s.s. sveitarfélög, fyrirtæki, einstaklingar, opinberir aðilar og SASS hafi aðgang að hagnýtum upplýsingum til ákvarðanatöku um samsetningu innviða sunnlensks samfélags	Afurð verkefnisins er hagnýtur gagnagrunnur um innviði Suðurlands.	Til loka árs 2018
Kortlagning umhverfismála á Suðurlandi	1.800.000	0	SASS	Kortleggja umhverfismál á Suðurlandi og setja þau upp sjónrænt fyrir bæði íbúa og sveitarstjórnarfólk á Suðurlandi undir nýrri þekju á Kortavef Suðurlands. Einnig að auka yfirsýn yfir umhverfismál á Suðurlandi sem vonandi leiðir til samræmingar aðferða og bætir þekkingarflæði milli sveitarfélaga	Tilbúin þekja í Kortavef Suðurlands sem ber heitið Umhverfismál með fjórum undirþekjum: Innviðagreining á úrgangsmálum (Forgangsatríði), Vistvottanir á Suðurlandi, Pokastöðvar á Suðurlandi og Gámastöðvar á Suðurlandi	Lokið vor 2018
Umhverfis Suðurland - umhverfisáttak	10.000.000		SASS	Fara í öflugt sameiginlegt hreinsunarátak, standa fyrir fræðslu um umhverfismál bæði í formi viðburða, fyrirlestra og með notkun stafrænna miðla. Hvetja íbúa og sveitarfélög til enn meiri flokkunar og endurvinnslu	Skýrsla um samantekt verkefnis	Allt árið 2018
Hugmyndasamkeppni um nýtingu orku á Suðurlandi	5.000.000	5.000.000	SASS	Að nýta betur þau verðmæti sem eru í orku á Suðurlandi, að auka fjölbreytni í atvinnulífi með umhverfismál að leiðarljósi, að vinna að nýsköpun í orkutengdri atvinnustarfsemi	Styrkt verkefni og kynning á niðurstöðum	Janúar-mars 2018
Samtals	63.100.000	5.000.000				

Suðurnes - 36.017.557 til 6 verkefna						
Heiti verkefnis	Sóknaráætlun	Mótframlag	Framkvæmdaraðili	Markmið	Lokaafurð	Tímabil
Innviðagreining	10.000.000		Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum og Heklan	Markmið innviðagreiningar er að kortleggja innviði á Suðurnesjum	Innviðagreining um Suðurnes unnin heildstætt	01.01.-31.12.2017
Minnka brottfall úr námi og bjóða upp á menntun í takt við atvinnulífið á svæðinu	2.600.000		Þekkingarsetur Suðurnesja	Minnka brottfall úr námi og hækka menntunarstig á Suðurnesjum. Auka tengsl nemenda við atvinnulífið á svæðinu og undirbúa þá fyrir störf sem standa til boða á Suðurnesjum. Draga úr atvinnuleysi til lengri tíma	Skýrsla um brottfall úr námi á Suðurnesjum og skýrsla um stöðu nemenda á Suðurnesjum og samvinnu skóla og atvinnulífs á svæðinu	2015-2019
Sameiginleg ímyndar- og markaðsáætlun fyrir Suðurnes	14.000.000		Markaðsstofa Suðurnesja og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum	Vinna sameiginlega markaðsáætlun fyrir svæðið og sameina Suðurnes undir einu slagorði	Sameiginleg markaðsáætlun fyrir Suðurnes og skýrsla um hvernig markaðsáætluninni verður fylgt eftir	2015-2019
Fjarnám í hjúkrunarfræði	4.000.000		Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	Markmiðið er að nemendur búsettir á Suðurnesjum hafi tækifæri til að stunda háskólanám í heimabyggð. Markmiðið er að nemendur geti hafið nám og klárað það og þannig stuðlað að hærri menntunarstigi og að auka framboð einstaklinga með þessa menntun á svæðinu	Fjöldi útskrifaðra hjúkrunarfræðinga 2019	2017-2019
Framleiðsla á fræðslu efni	3.417.557		Reykjanes UNESCO Geopark	Útbúa fræðslu efni fyrir starfsfólk fyrirtækja	Virkur vefur þar sem myndbönd eru aðgengileg fyrir alla	01.09.2017-31.08.2018
Skráning og uppfærsla á menningarviðburðum á Suðurnesjum	2.000.000		Markaðsstofa Reykjanes	Skrá inn upplýsingar á einum stað um menningarviðburði á Suðurnesjum	Virkur vefur þar sem menningarviðburðir eru skráðir inn	01.01.2017-31.12.2017
Samtals	36.017.557	0				

VIÐAUKI 3 LANDSHLUTASKIPTING SÓKNARÁÆTLANA



**VIÐAUKI 4 MERKI SÓKNARÁÆTLANA
LANDSHLUTA**



SÓKNARÁÆTLUN
HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURNESJA



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS



SÓKNARÁÆTLUN
VESTFJARÐA



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS VESTRA



SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA



SÓKNARÁÆTLUN
AUSTURLANDS



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS